1. Any representative of a State party to this Protocol on any organ of the Association shall, while present in the territory of another such State for the discharge of his duties, enjoy:

(a) the same immunity from personal arrest and detention and from seizure of his personal baggage, and the same inviolability for all papers and documents as is accorded to a diplomatic envoy in accordance with international law;

(b) the right to use codes and to receive and send papers or correspondence by courier or in sealed bags;

(c) exeption in respect of himself anl his spouse from immigration restrictions, aliens registration and national service obligations;

(d) the same facilities in respect of currency or exchange restrictions and in respect of his personal baggage as are accorded to a representative of a foreign Government on a temporary official mission.

2. Slíkur fulltrúi skal einnig njóta sömu undanþágu frá lögsókn og veitt er diplómatiskum fulltrúum samkvæmt þjóðarétti að því er snertir ummæli hans í ræðu eða riti og hvers konar verknað við framkvæmd skyldustarfa. Undanþága þessi skal haldast óbreytt, enda þótt aðili þessi sé eigi lengur fulltrúi.

3. Þar sem skattgreiðsla er bundin lögheimili, skal dvöl fulltrúa á landssvæði aðildarríkis við framkvæmd skyldustarfa eigi talin til lögheimilis.

9. gr.

Sérréttindi og friðhelgi eru eigi veitt fulltrúa ríkja, sem aðilar eru að bókun þessari, þeirra sjálfra vegna, heldur til að tryggja óháða framkvæmd skyldustarfa þeirra í þágu samtakanna. Ríki, sem aðili er að bókun þessari, er því eigi einungis heimilt, heldur ber því skylda til að falla frá undanþágu fulltrúa síns, hvenær sem það ríki telur, að undanþágan mundi hefta réttan gang máls og brottfall hennar sé samrýmanleg því sjónarmiði, sem til grundvallar undanþágunni liggur.

10. gr.

Ákvæði 8. gr. hér á undan skuldbinda eigi ríki, sem aðili er að bókun þessari til að veita undanþágu, sem þar er greind, manni, sem er ríkisborgari þess eða fulltrúi þess.

11. gr.

Í 8., 9. og 10. gr. hér að framan skal hugtakið „fulltrúi" talið ná yfir varafulltrúa, ráðunauta, sérfræðinga og ritara sendinefnda.

III. KAFLI

Embættismenn samtakanna og sérfræðingar á vegum þeirra.

12. gr.

Ráð samtakanna skal ákveða flokka þeirra embættismanna, sem 13. gr. tekur til og tilkynna öllum ríkjum, sem aðilar eru að bókun þessari, um ákvörðun sína. Nöfn embættismanna þeirra, sem til hinna ýmsu flokka teljast, skal jafnan tilkynna þeim ríkjum.

13. gr.

Embættismenn samtakanna í hinum tilteknu flokkum skulu:

a) undanþegnir lögsókn vegna ummæla sinna í ræðu eða riti svo og vegna allra embættisverka sinna. Þessi undanþága heldur gildi sínu, þótt hlutaðeigandi aðili sé ekki lengur embættismaður samtakanna;

b) undanþegnir sköttum af launum sínum og tekjum sem embættismenn samtakanna;

c) undanþegnir ásamt mökum sínum og fjölskylduaðilum sínum, sem á framfæri þeirra eru og dvelja hjá þeim, innflytjendahömlum og skráningu útlendinga;

2. Any such representative shall also enjoy respect of words spoken or written and all acts done by him in the course of the performance of official duties the same immunity from legal process of every kind as is accorded to a diplomatic envoy in accordance with international law. This immunity shall continue notwithstanding that the person concerned has ceased to be a representative.

3. Where the incidence of any form of taxation depends upon residence, any period during which a representative is present in the territory of a State party to this Protocol for the discharge of his duties shall not be treated as a period of residence for the purpose of determining his liability to taxation.

Article 9

Privileges and immunities are accorded to representatives of States parties to this Protocol not for the personal benefit of the individuals themselves but in order to safeguard the independent exercise of their functions in connection with the Association. Consequently a State party to this Protocol not only has the right, but is under a duty, to waive the immunity of its representatives in any case where, in its opinion, the immunity would impede the course of justice and can be waived without prejudice to the purposes for which the immunity was granted.

Article 10

The provisions of Article 8 above shall not require any State party to this Protocol to grant any of the privileges referred to therein to any person who is its national or to any person as its representative.

Article 11

For the purposes of Articles 8, 9 and 10 above the expression "representatives" shall be deemed to include all alternates, advisers, technical experts and secretaries of delegations.

PART III

Officers of the Association and Experts on Missions.

Article 12

The Council of the Association shall specify the classes of officers to whom Article 13 applies and shall inform all States parties to this Protocol of its decision. The names of the officers included in these classes shall be made known from time to time to all such States.

Article 13

Officers of the Association of the specified classes shall enjoy:

(a) immunity from legal process in respect of words spoken or written and all acts done by them in the course of the performance of official duties. This immunity shall continue notwithstanding that the person concerned has ceased to be an officer of the Association;

(b) exemption from taxation on salaries and emoluments received as officers of the Association;

(c) exemption for themselves and their spouses, and for members of their immediate families residing with and dependent on them, from immigration restrictions and aliens registration;

d) sömu sérréttinda varðandi gjaldeyris- og yfirfærsluhömlur og veitt eru hliðstæðum starfsmönnum sendiráða;

e) eiga, þegar ófriður vofir yfir, kost á fyrir sjálfa sig, maka og skyldmenni á framfæri þeirra og hjá þeim dvelja, sömu hlunnindum varðandi heimflutning og hliðstæðir fulltrúar erlendra ríkja njóta;

f) eiga rétt á að flytja inn án tollgreiðslu húsgögn sín og búsmuni, þegar þeir í fyrsta sinn flytjast til embættisstarfa í landssvæði ríkis, sem aðili er að bókun þessari.

14. gr.

Auk þeirra sérréttinda, sem til eru tekin í 13. gr. að framan, skal skrifstofustjóri samtakanna að því er sjálfan hann varðar, maka hans og ófjárráða börn njóta sömu sérréttinda, sem veitt eru fulltrúum erlendra ríkja samkvæmt þjóðarétti.

15. gr.

1. Sérfræðingar, sem í sendiförum eru á vegum samtakanna, skulu, meðan þeir eru á landsvæði ríkis, sem aðili er að bókun þessari vegna skyldustarfa sinna, njóta

a) sömu undanþágu frá handtöku, gæzluvarðhaldi og löghaldi á farangri, og sömu friðhelgi varðandi öll skjöl og plögg í sambandi við störf þeirra í þágu samtakanna og veitt er diplómatiskum fulltrúa að þjóðarétti;

b) sömu hlunninda og fultrúar erlendra ríkja í sérstökum sendiförum njóta, að því er snertir gjaldeyris- og yfirfærsluákvæði og persónulegan farangur;

2. Sérfræðingar þessir skulu njóta sömu undanþágu frá lögsókn varðandi ummæli sín í ræðu eða riti svo og hvers konar verk, sem unnin eru í sambandi við sendiförina, og veitt eru diplómatiskum fulltrúum samkvæmt þjóðarétti. Þessi undanþága skal halda gildi sínu, þótt hlutaðeigandi maður sé eigi lengur við störf í þágu samtakanna.

16. gr.

Sérréttindi eru veitt embættismönnum og sérfræðingum vegna hagsmuna samtakanna, en ekki vegna hagsmuna þeirra sjálfra. Skrifstofustjóra samtakanna skal heimilt fyrir hönd samtakanna og ber skylda til að falla frá undanþáguheimild embættismanns eða sérfræðings, ef slík undanþága mundi að hans áliti hefta réttan gang máls og brottfall hennar er samrýmanleg hugsmunum samtakanna. Ákvörðun um brottfall undanþágu vegna skrifstofustjóra samtakanna skal taka af ráðinu.

17. gr.

Ákvæði 13., 14. og 15. gr. að framan skuldbinda ekki ríki, sem aðili er að bókun þessari, til að veita ríkisborgara sínum sérréttindi eða friðhelgi, sem þau taka til, nema

a) undanþágu frá lögsókn varðandi ummæli hans í ræðu eða riti svo og hvers koknar verk, sem unnin eru í sambandi við skyldustörf hans;

(d) the same facilities in respect of currency and exchange restrictions as are accorded to members of diplomatic missions of comparable rank;

(e) the same repatriation facilities in time of international crisis for themselves and their spouses, and for members of their immediate families residing with and dependent on them, as members of diplomatic missions of comparable rank;

(f) the right to import free of duty their furniture and effects at the time of first taking up their post in the territory of a State party of this Protocol.

Article 14

In addition to the privileges and immunities specified in Article 13 above, the Head of the Secretariat of the Association shall be accorded in respect of himself, his spouse and minor children the privileges and immunities normally accorded to heads of diplomatic missions in accordance with international law.

Article 15

1. Experts employed on missions on behalf of the Association shall, while present in the territory of a State party to this Protocol for the discharge of their duties, enjoy:

(a) the same immunity from personal arrest and detention and from seizure of their personal baggage, and the same inviolability for all papers and documents relating to the work on which they are engaged for the Association as is accorded to a diplomatic envoy in accordance with international law;

(b) the same facilities in respect of currency and exchange regulations and in respect of their personal baggage as are accorded to representatives of foreign Governments on temporary official missions.

2. Such experts shall enjoy in respect of words spoken or written and all acts done by them in the course of the performance of official duties, the same immunity from legal process of every kind as is accorded to a diplomatic envoy in accordance with international law. This immunity shall continue notwithstanding that the person concerned has ceased to be employed on a mission on behalf of the Association.

Article 16

Privileges and immunities are granted to officers and experts in the interests of the Association and not for the personal benefit of the individuals themselves. The Head of the Secretariat of the Association, acting on behalf of the Association, shall have the right, and is under a duty, to waive the immunity of any officer or expert in any case where, in his opinion, the immunity would impede the course of justice and could be waived without prejudice to the interests of the Association. In the case of the Head of the Secretariat of the Association, the decision to waive immunity shall be taken by the Council.

Article 17

The provisions of Article 13, 14 and 15 avove shall not require any State party to this Protocol to grant any of the privileges or immunities referred to therein to any person who is its national, except

(a) immunity from legal process in respect of words spoken or written and all acts done by him in the course of the performance of official duties;

b) hlunnindi varðandi gjaldeyris- og yfirfærsluhömlur að svo miklu leyti sem þau eru nauðsynleg við virka framkvæmd skyldustarfa hans;

c) friðhelgi varðandi öll skjöl og plögg varðandi störf hans í þágu samtakanna;

d) að því er varðar embættismenn samtakanna sem 13. og 14. gr. taka til, undanþágu frá sköttum og launum og hlunnindum vegna starfa sem embættismenn samtakanna.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

18. gr.

Ef ríki, sem aðili er að bókun þessari, telur að sérréttindi eða undanþága, sem bókun þessi veitir, hafi verið misnotuð, skulu viðræður fara fram milli þess ríkis og samtakanna í því skyni að ákvarða, hvort slík misnotkun hafi átt sér stað, og, ef svo er, að koma í veg fyrir endurtekningu. Ríki, sem telur að maður hafi misnotað sérréttindi eða undanþágu, sem honum hefur verið veitt samkvæmt bókun þessari, getur krafizt þess að hann yfirgefi landssvæði þess.

19. gr.

Bókun þessa skal fullgilda af þeim ríkjum, sem hana hafa undirritað. Fullgildingarskjöl skulu afhent ríkisstjórn Svíþjóðar til vörzlu og skal hún tilkynna öllum öðrum ríkjum, sem undirritað hafa, um það.

20. gr.

Aðili að bókun þessari getur hvert það ríki gerzt, sem gerist aðili að samningi um Fríverzlunarsamtök Evrópu í samræmi við 1. mgr. 41. gr. hans eða gerir samkomulag við aðildarríki Fríverzlunarsamtaka Evrópu samkvæmt 2. mgr. 41. gr. þess samnings. Aðildarskjalið skal afhent ríkisstjórn Svíþjóðar og skal hún tilkynna það öllum öðrum ríkjum, sem aðilar eru að bókun þessari.

21. gr.

Bókun þessi skal taka gildi jafnskjótt og þrjú ríki, sem undirritað hafa hana, hafa afhent fullgildingarskjöl sín. Hún tekur gildi varðandi önnur ríki, sem undirritað hafa, þann dag, sem ríkið afhendir fullgildingarskjal sitt til vörzlu og fyrir ríki sem gerist aðili, þegar það hefur afhent aðildarskjal sitt til vörzlu.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undiritað bókun þessa.

Gjört í Genf hinn 28. dag júlímánaðar 1960 í einu eintaki fullgildra texta á ensku og frönsku, sem skal afhent ríkisstjórn Svíþjóðar til vörzlu og skal hún senda staðfest eftirrit til allra annarra ríkja, sem undirritað hafa eða gerzt aðilar.

(b) facilities in respect of currency and exchange restrictions, so far as is necessary for the effective exercise of his functions;

(c) inviolability for all papers and documents relating to the work on which he is engaged for the Association;

(d) in the case of officers of the Association, coming within the scope of Articles 13 and 14, exemption from taxation on salaries and emoluments received as officers of the Association.

PART IV
General.

Article 18

If any State party to this Protocol considers that there has been an abuse of a privilege or immunity conferred by this Protocol, consultations shall be held between that State and the Association to determine whether any such abuse has occurred, and, if so, to ensure that no repetition occurs. A State which considers that any person has abused any privilege or immunity granted to him under this Protocol may require him to leave its territory.

Article 19

This Protocol shall be ratified by the signatory States. The instruments of ratification shall be deposited with the Government of Sweden which shall notify all other signatory States.

Article 20

Any State acceding to the Convention establishing the European Free Trade Association in accordance with paragraph 1 of Article 41 thereof or entering into an association with the Member States of the European Free Trade Association in accordance with parapraph 2 of Article 41 of that Convention may accede to this Protocol. The instrument of accession shall be deposited with the Govenrment of Sweden which shall notify all States parties to this Protocol.

Article 21

This Protocol shall enter into force as soon as three signatory States have deposited their instruments of ratification. It shall enter into force in respect of each other signatory State on the date of the deposit of its instrument of ratification, and for each State acceding to this Protocol on the date of the deposit of its instrument of accession.

In witness whereof the undersigned, duly authorised thereto, have signed the present Protocol.

Done at Geneva, the 28th day of July 1960, in a single copy in the English and French languages, both texts being equally authentic, which shall be deposited with the Government of Sweden, by which certified copies shall be transmitted to all other signatory or acceding States.

C.

BÓKUN

um beitingu Samningsins um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu gagnvart furstadæminu Liechtenstein

Þau ríki, sem undirritað hafa samninginn um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu og furstadæmið Liechtenstein,

sem taka tillit til þess, að furstadæmið Liechtenstein er í tollabandalagi við Sviss samkvæmt samningnum frá 29. marz 1923 og að samkvæmt þeim samningi geta ekki öll ákvæði Samningsins haft gildi gagnvart Liechtenstein án þess að frekari heimildir komi til, og

sem taka tillit til þess, að furstadæmið Liechtenstein hefur látið í ljósi þá ósk, að öll ákvæði Samningsins hafi gildi gagnvart því, og til að svo geti orðið, gerir þá tillögu, að svo miklu leyti, sem það er nauðsynlegt, að gefa Sviss sérstakt umboð,

eru sammála um eftirfarandi:

1. Samningnum skal beitt gagnvart furstadæminu Liechtenstein meðan það er í tollabandalagi við Sviss og Sviss er meðlimur í samtökunum.

2. Sviss skal koma fram sem fulltrúi Liechtenstein vegna samnings þessa.

3. Bókun þessi skal fullgildast af ríkjum þeim, sem undir rita. Fullgildingarskjölin skulu vera í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna þar um öllum öðrum ríkjum, sem undir rita.

4. Gildistaka bókunar þessarar skal vera þegar fullgildingarskjöl allra ríkja, sem undirrita, hafa verið lögð fram.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, með fullu umboði, undirritað bókun þessa.

Gert í Stokkhólmi hinn 4. dag janúarmánaðar 1960, í einu eintaki á ensku og frönsku, og skulu báðir textarnir jafngildir, og þeir fengnir í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal senda öllum öðrum ríkjum, sem undirrita samninginn og aðilar gerast, staðfest eftirrit.

C.

PROTOCOL

relating to the application of the Convention establishing the European Free Trade Association to the Principality of Liechtenstein

The Signatory States of the Convention establishing the European Free Trade Association and the Principality of Liechtenstein,

Considering that the Principality of Liechtenstein forms a customs union with Switzerland pursuant to the Treaty of 29th March, 1923, and that according to that Treaty not all the provisions of the Convention can without further authority be applied to Liechtenstein, and

Considering that the Principality of Liechtenstein has expressed the wish that all the provisions of the Convention should be applied to it, and, to this end, in so far as this is necessary, proposes to give special powers to Switzerland,

Have agreed as follows:

1. The Convention shall apply to the Principality of Liechtenstein as long as it forms a customs union with Switzerland and Switzerland is a Member of the Accociation.

2. For the purposes of this Convention, the Principality of Liechtenstein shall be represented by Switzerland.

3. This Protocol shall be ratified by the signatory States. The instruments of ratification shall be deposited with the Government of Sweden which shall notify all other signatory States.

4. This Protocol shall enter into force on the deposit of instruments of ratification by all signatory States.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorised thereto, have signed the present Protocol.

DONE at Stockholm this 4th day of January, 1960,
in a single copy in the English and French languages, both texts being equally authentic, which shall be deposited with the Government of Sweden, by which certified copies shall be transmitted to all other signatory and acceding States.

D.

SAMKOMULAG

um stofnun samtaka milli aðildarríkja Fríverzlunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Finnlands[1])

Lýðveldið Austurríki, konungsríkið Danmörk, konungsríkið Noregur, lýðveldið Portúgal, konungsríkið Svíþjóð, Svissneska ríkjasambandið og hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands[2]) annars vegar, og lýðveldið Finnland hins vegar

sem hafa hliðsjón af samningnum um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu frá 4. janúar 1960;

sem æskja þess að koma á fót fríverzlunarsamtökum milli aðildarríkja Fríverzlunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Finnlands;

sem eru einhuga um að vinna að markmiðum 2. greinar í samningnum um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu;

sem hafa hliðsjón af þegar gerðum alþjóðlegum samningum, sem þau eru aðilar að;

eru sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Hér með eru stofnuð samtök (hér á eftir nefnd "samtökin, sem stofnuð eru með þessu samkomulagi") milli aðildarríkja Fríverzlunarsamtaka Evrópu (hér á eftir nefnd "aðildarríkin") og lýðveldisins Finnlands (hér á eftir nefnt "Finnland"), samkvæmt 2. málsgrein 41. greinar í samningnum um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu (hér á eftir nefndur "samningurinn").

2. gr.

1. Með skírskotun til ákvæða þessa samkomulags, skulu ákvæði samningsins gilda í samskiptum Finnlands og aðildarríkjanna, að undanteknum þó greinum 1, 32, 34, 35, 36, 39, 40, 41, 42, 43 og 44. Tilvitnanir hér á eftir í samkomulagið skal því skilja sem tilvitnanir í samkomulagið í samhengi við ákvæði samningsins að undanteknum fyrrnefndum greinum.

2. Ef tilvitnanir í þessu samkomulagi í ákvæði samningsins fá gildi í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar, skulu þær skildar sem tilvitnanir í texta samningsins að meðtöldum öllum breytingum, sem gerðar hafa verið fyrir undirskrift samkomulagsins.

3. Svæði Fríverzlunarsamtaka Evrópu með þeim breytingum sem við á í 1., 2. og 4.—8. og 43. grein samningsins skal einnig taka til landssvæðis Finnlands.

4. Með tilliti til samkomulags þessa skulu í stað orðanna "ráð", "samningur", "samtök" og "aðildarríki", sem er að finna í ákvæðum samningsins og sem fá gildi

1) Undirritað í Helsinki 27. marz 1961. Gildistaka 26. júní 1961.

2) Ísland gerðist aðili að samkomulaginu hinn 1. marz 1970, skv. 10. og 12. mgr. ráðssamþykktar nr. 17, 1969.

D.

AGREEMENT

creating an Association between the Member States of the European Free Trade Association and the Republic of Finland[1])

The Republic of Austria, the Kingdom of Denmark, the Kingdom of Norway, the Portuguese Republic, the Kingdom of Sweden, the Swiss Confederation and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland[2]), on the one hand, and the Republic of Finland, on the other hand:

Having regard to the Convention of 4th January, 1960 establishing the European Free Trade Association;

Desirous of creating a free trade association between the Member States of the European Free Trade Association and the Republic of Finland:

Resolved thereby to promote the objectives set out in Article 2 of the Convention establishing the European Free Trade Association;

Having regard to existing international agreements to which they are parties;

Have agreed as follows:

Article 1

An Association (hereinafter referred to as "the Association created by this Agreement") between the Member States of the European Free Trade Association (hereinafter referred to as "Member States") and the Republic of Finland (hereinafter referred to as "Finland") is hereby created in accordance with paragraph 2 of Article 41 of the Convention establishing the European Free Trade Association (hereinafter referred to as "the Convention").

Article 2

1. Subject to the terms of this Agreement, the provisions of the Convention, with the exception of Articles 1, 32, 34, 35, 36, 39, 40, 41, 42, 43 and 44, shall apply in relations between Finland and the Member States. References to the Agreement contained hereinafter shall accordingly be construed as references to the Agreement read in conjunction with the provisions of the Convention with the exception of the aforesaid Articles.

2. References in this Agreement to the Convention, the provisions of which are made applicable by virtue of paragraph 1 of this Article, shall be construed as references to the text of the Convention incorporating all amendments made up to the date of signature of this Agreement.

3. The Area of the European Free Trade Association as modified from time to time by the operation of paragraphs 1, 2 and 4 to 8 of Article 43 of the Convention shall be deemed to include the territory of Finland.

4. For the purpose of this Agreement, the following terms: "Council", "Convention", "Association" and "Member States" contained in the provisions of the Convention

1) Signed at Helsinki on 27th March, 1961. Entered into force on 26th June, 1961.

2) Iceland acceded to the Agreement on 1st March, 1970, see paragraphs 10 and 12 of Council Decision No. 17 of 1969.

í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar, koma orðin "sameiginlegt ráð", "samkomulag", "samtök", sem stofnuð eru með þessu "samkomulagi" og "aðilar að þessu samkomulagi".

5. Hvarvetna í samningnum þar sem getið er hins 1. júlí 1960 skal, með tilliti til þessa samkomulags, koma hinn 1. júlí 1961.

3. gr.

1. Að því er varðar framkvæmd 3. greinar samningsins, skal í stað töflu þeirrar, sem er að finna í a-lið 2. málsgreinar þeirrar greinar, koma eftirfarandi tafla, sem á við um allar vörur í Viðauka I við þetta samkomulag og sem fluttar eru inn til Finnlands:

1. júlí 1961	80%
1. maí 1964	60%
1. marz 1965	50%
31. desember 1965	40%
31. desember 1966	30%
31. desember 1967	20%
31. desember 1968	10%

Frá og með 31. desember 1969, skal Finnland ekki leggja innflutningstoll á neinar þær vörur, sem er að finna í Viðauka I við samkomulag þetta[1]).

2. Frá 1. júlí 1961 til 1. júlí 1963 getur sameiginlega ráðið ákveðið, að innflutningstollur sé lækkaður hraðar en ákveðið er í 1. málsgrein þessarar greinar á öllum eða sumum þeirra vara, sem tilgreindar eru í Viðauka I. Við slíka ákvörðun skal þróun viðskipta með þessar vörur milli Finnlands og aðildarríkjanna höfð til hliðsjónar og sameiginlega ráðið skal taka tilhlýðilegt tillit til hinnar raunverulegu atvinnuaðstæðna í viðkomandi iðngreinum í Finnlandi og aðildarríkjunum.

3. Grunntollurinn á hvaða vöru sem er fyrir Finnland, skal vera sá tollur, sem lagður var á við innflutning viðkomandi vöru, frá aðildarríkjunum þann 1. júlí 1961.

4. gr.

1. 10. grein samningsins tekur ekki til neinna þeirra vara, sem taldar eru upp í Viðauka II við þetta samkomulag, þegar þær eru fluttar inn til Finnlands.

2. Hvað snertir vörur þær, sem taldar eru upp í Viðauka II, þá skal magntakmörkunum þeim, sem Finnland kann að viðhalda með tilliti til 1. málsgreinar þessarar greinar, beitt á þann hátt, að seljendur í aðildarríkjum fái tækifæri til að keppa við aðra seljendur á eðlilegan og jafnan hátt um sanngjarnan hluta finnska markaðsins, enda sé tekið tillit til eðlilegrar þróunar viðskiptanna.

3. Hvað snertir vörur, sem taldar eru upp í Viðauka II og fluttar inn til Finnlands, þá skal 13. og 16. grein samningsins beitt þannig, að í stað tilvitnana um afnám magntakmarkana eða það, að þær séu ekki fyrir hendi, koma tilvitnanir í 2. málsgrein þessarar greinar.

4. Að beiðni hvaða aðila að þessu samkomulagi sem er, skal sameiginlega ráðið taka til athugunar ákvæði þessarar greinar.

1) Dagsetningum og efni breytt skv. ráðssamþykkt nr. 6, 1963 (13. september 1963).

made applicable by virtue of paragraph 1 of this Article shall be replaced by the terms: "Joint Council", "Agreement", "Association created by this Agreement" and "Parties to this Agreement" respectively.

5. Wherever in the Convention the date 1st July, 1960 occurs, it shall for the purpose of this Agreement be replaced by the date 1st July, 1961.

Article 3

1. In the application of Article 3 of the Convention, for the table set out in sub-paragraph (a) of paragraph 2 of that Article, there shall, in respect of each product specified in Annex I to this Agreement, when imported into Finland, be substituted the following table:

1st July, 1961	80 per cent,
1st May, 1964	60 per cent,
1st March, 1965	50 per cent,
31st December, 1965	40 per cent,
31st December, 1966	30 per cent,
31st December, 1967	20 per cent,
31st December, 1968	10 per cent.

On and after 31st December, 1969 Finland shall not apply any import duties on the products specified in Annex I to this Agreement[1]).

2. Between 1st July, 1961, and 1st July, 1963, the joint Council may decide in respect of all or any of the commodities specified in Annex I that import duties shall be reduced more rapidly than is provided in paragraph 1 of this Article. In taking its decision the Joint Council shall be guided by the development of trade in these commodities between Finland and the Member States and shall take due account of the existing employment situation within the industries concerned in Finland and the Member States.

3. For Finland, the basic duty for any product shall be that applied to imports of that product from Member States on 1st June, 1961.

Article 4

1. Article 10 of the Convention shall not apply to any of the products specified in Annex II to this Agreement when imported into Finland.

2. The quantitative restrictions which Finland may maintain in accordance with paragraph 1 of this Article shall be applied in such a way as to give suppliers in Member States the opportunity to compete with other suppliers on fair and equal terms for a reasonable share of the Finnish market for the products specified in Annex II, having regard to normal development of trade.

3. In relation to the products specified in Annex II when imported into Finland, Articles 13 to 16 of the Convention shall apply as if, for the references to the removal or absences of quantitative restrictions, there were substituted references to paragraph 2 of this Article.

4. The Joint Council shall review, at the request of any of the Parties to this Agreement, the provisions og this Article.

1) Dates and text as amended by Council Decision No. 6 of 1963 (13th September, 1963).

5. gr.

[*Felld niður með samþykkt sameiginlega ráðsins nr. 6, 1969 (10. júlí 1969).*]

6. gr.

1. Sameiginlegt ráð er hér með stofnað. Sérhver aðili að þessu samkomulagi skal hafa fulltrúa í sameiginlega ráðinu og skal fara með eitt atkvæði.

2. Það skal vera skylda sameiginlega ráðsins:

(a) að fara með þau völd og störf, sem því eru fengin samkvæmt samkomulagi þessu;

(b) að hafa eftirlit með beitingu þessa samkomulags og fylgjast með framkvæmd þess, og,

(c) að kanna, hvort frekari ráðstafanir skuli gerðar af aðilunum að þessu samkomulagi til að koma í framkvæmd markmiðum samkomulagsins.

3. Er sameiginlega ráðið rækir skyldustörf sín samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar, getur það tekið ákvarðanir, sem skulu vera bindandi fyrir aðilana að þessu samkomulagi og það getur gert tillögur til aðilanna að þessu samkomulagi.

4. Ákvarðanir og tillögur sameiginlega ráðsins skulu gerðar samhljóða, nema að því leyti, sem öðruvísi er ákveðið í samkomulagi þessu. Ákvarðanir og tillögur skulu taldar samþykktar samhljóða, nema einhver aðilanna að þessu samkomulagi greiði þeim mótatkvæði. Ákvarðanir og tillögur, sem afgreiða þarf með meirihlutasamþykkt, þarfnast samþykkis fimm aðila að þessu samkomulagi.

5. Ef fjöldi aðilanna að þessu samkomulagi breytist, getur sameiginlega ráðið ákveðið að breyta fjölda þeirra atkvæða, sem þarf til þeirra ákvarðana og tillagna, sem afgreiða þarf með meirihlutasamþykkt.

6. Ákvörðunum ráðsins, sem stofnsett er með samningnum (hér á eftir nefnt „ráðið"), sem teknar eru samhljóða samkvæmt ákvæðum samningsins og gildi hafa samkvæmt 2. grein þessa samkomulags, skal, nema ráðið ákveði annað, vísað til sameiginlega ráðsins og séu þær samþykktar án fyrirvara af Finnlandi, skulu þær bindandi einnig fyrir Finnland og koma til framkvæmda í samskiptum Finnlands og aðildarríkjanna.

7. Ef ákvörðunum ráðsins, sem teknar eru með meirihluta atkvæða samkvæmt ákvæðum samningsins og hafa gildi samkvæmt 2. grein þessa samkomulags er vísað til sameiginlega ráðsins að beiðni einhvers aðila að þessu samkomulagi, getur sameiginlega ráðið ákveðið að ákvörðun ráðsins sé bindandi einnig fyrir Finnland og komi til framkvæma í samskiptum Finnlands og aðildarríkjanna. Þrátt fyrir

Article 5

[Deleted by Joint Council Decision No. 6 of 1969 (10th July, 1969).]

Article 6

1. A Joint Council is hereby established. Each Party to this Agreement shall be represented in the Joint Council and shall have one vote.

2. It shall be the responsibility of the Joint Council:

(a) to exercise such powers and functions as are conferred upon it by this Agreement;

(b) to supervise the application of this Agreement and keep its operation under review;

(c) to consider whether further action should be taken by the Parties to this Agreement in order to promote the attainment of the objectives of this Agreement.

3. In exercising its responsibilities under paragraph 2 of this Article, the Joint Council may take decisions which shall be binding on all Parties to this Agreement, and may take recommendations to the Parties to this Agreement.

4. Decisions and recommendations of the Joint Council shall be made by unanimous vote, except insofar as this Agreement provides otherwise. Decisions and recommendations shall be regarded as unanimous unless any of the Parties to this Agreement casts a negative vote. Decisions and recommendations which are to be made by majority vote require the affirmative vote of five Parties to this Agreement.

5. If the number of Parties to this Agreement changes, the Joint Council may decide to amend the number of votes required for decisions and recommendations which are to be made other than by unanimous vote.

6. Decisions of the Council created by the Convention (hereinafter referred to as "Council") taken by unanimous vote under the provisions of the Convention made applicable by virtue of Article 2 of this Agreement shall, unless the Council decides otherwise, be referred to the Joint Council and, subject to acceptance without reservation by Finland, become binding also on Finland and apply in relations between Finland and the Member States.

7. If decisions of the Council taken by majority vote under the provisions of the Convention made applicable by virtue of Article 2 of this Agreement are referred to the Joint Council at the request of any Party to this Agreement, the Joint Council may decide that the decision of the Council shall become binding also on Finland and apply in relations between Finland and the Member States. Notwithstanding the

ákvæði 4. málsgreinar þessarar greinar, skal jákvætt atkvæði fjögurra aðila að þessu samkomulagi nægja til slíkrar ákvörðunar sameiginlega ráðsins[1]).

8. Sameiginlega ráðið skal taka ákvarðanir:

(a) til að ákveða eigin fundarsköp, sem geta tekið til ákvæða um meðferð mála, sem ákveðin eru með meirihluta atkvæða;

(b) til að ákveða fjárhagslegt framlag Finnlands til samtakanna.

7. gr.

Samkomulag þetta er háð samþykki ríkja þeirra, sem undir það rita, og skal taka gildi, þegar öll þau ríki hafa afhent fullgildingarskjölin. Fullgildarskjölin skulu afhent ríkisstjórn Svíþjóðar, sem skal tilkynna það öllum öðrum ríkjum, sem undir rita.

8. gr.

1. Sérhvert ríki, sem gerist aðili að samningnum, skal einnig gerast aðili að þessu samkomulagi, ef ráðið ákveður svo.

2. Sérhvert ríki, sem stofnar til samtaka við aðildarríkin í samræmi við 2. málsgrein 41. greinar samningsins, getur gert aðili að þessu samkomulagi með þeim skilyrðum, sem sameiginlega ráðið ákveður.

9. gr.

1. Finnland, eða aðildarríkin í samræmi við ákvörðun ráðsins, geta sagt samkomulagi þessu upp með þriggja mánaða skriflegum fyrirvara við ríkisstjórn Svíþjóðar, sem skal tilkynna það öllum aðilum að þessu samkomulagi.

2. Ef samkomulagi þessu er sagt upp í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar, getur sameiginlega ráðið ákveðið, að ákvæði samningsins, sem beitt er samkvæmt 2. grein þessa samkomulags, skuli áfram halda gildi, að fullu eða nokkru leyti, milli aðildarríkjanna og Finnlands um ekki lengri tíma en níu mánuði frá þeim degi að uppsögn tekur gildi.

3. Aðildarríki, sem segir upp aðild að samningnum, skal þar með frá sama degi ljúka aðild sinni að þessu samkomulagi.

4. Sérhvert aðildarríki getur sagt samkomulagi þessu upp með þriggja mánaða fyrirvara, sem gefinn sé ríkisstjórn Svíþjóðar, en hún tilkynnir það öllum öðrum aðilum að þessu samkomulagi.

10. gr.

Að undanskildum þeim tilvikum þar sem ráð er gert fyrir breytingum annars staðar í þessu samkomulagi, skulu breytingar á ákvæðum samkomulags þessa lagðar fyrir aðilana að því til samþykkis, og ef samþykki sameiginlega ráðsins liggur fyrir, taka gildi ef samþykki allra aðilanna að þessu samkomulagi fæst. Samþykktarskjölum skal komið í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna það öllum aðilunum að þessu samkomulagi.

1) Samkvæmt breytingu með samþykkt sameiginlega ráðsins nr. 10, 1969 (4. desember 1969).

provisions of paragraph 4 of this Article, the affirmative vote of five Parties to this Agreement shall be sufficient for such a decision of the Joint Council[1]).

8. The Joint Council shall take decisions:

(a) to lay down its own rules of procedure which may include provision that procedural questions may be decided by majority vote;

(b) to establish the financial contribution of Finland to the budget of the Association.

Article 7

This Agreement shall be subject to acceptance by the signatory States, and shall enter into force on the deposit of instruments of acceptance by all those States. Instruments of acceptance shall be deposited with the Government of Sweden which shall notify all other signatory States.

Article 8

1. Any State which accedes to the Convention shall, if the Council so decides, also accede to this Agreement.

2. Any State entering into an association with the Member States in accordance with paragraph 2 of Article 41 of the Convention may accede to this Agreement on terms to be decided upon by the Joint Council.

Article 9

1. Finland, or the Member States acting by decision of the Council, may terminate this Agreement provided that three months' notice in writing is given to the Government of Sweden which shall notify all other Parties to this Agreement.

2. If this Agreement is terminated in accordance with paragraph 1 of this Article, the Joint Council may decide that the provisions of the Convention made applicable by virtue of Article 2 of this Agreement shall continue to apply in full or in part between the Member States and Finland for a period of not more than nine months from the date on which such termination becomes effective.

3. Any Member State which withdraws from the Convention shall *ipso facto* on the same day cease to be a Party to this Agreement.

4. Any Member State may withdraw from the present Agreement provided that three months' notice in writing is given to the Government of Sweden which shall notify all other Parties to this Agreement.

Article 10

Except where provision for amendment is made elsewhere in this Agreement, an amendment to the provisions of this Agreement shall be submitted to the Parties to it for acceptance if it is approved by decision of the Joint Council and shall enter into force provided it is accepted by all Parties to this Agreement. Instruments of acceptance shall be deposited with the Government of Sweden which shall notify all other Parties to this Agreement.

---

1) As amended by Joint Council Decision No. 10 of 1969 (4th December, 1969).

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, með fullu umboði undrirritað samkomulag þetta.

Gert í Helsingfors 27. marz 1961 í einu eintaki á ensku og frönsku, og skulu báðir textar jafngildir, og þeir fengnir í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal senda öllum öðrum ríkjum, sem undirrita samkomulagið og aðilar gerast, staðfest eftirrit.

Viðauki I

Listi yfir vörur, sem vísað er til í 1. málsgrein 3. greinar.

Viðauki II

Listi yfir vörur, sem vísað er til í 4. grein.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized thereto, have signed the present Agreement.

DONE at Helsinki the twenty-seventh day of March 1961,
in a single copy in the English and French languages, both texts being equally authentic, which shall be deposited with the Govenrment of Sweden, by which certified copies shall be transmitted to all other signatory and acceding States.

ANNEX I

List of products referred to in paragraph 1 of Article 3.

ANNEX II

List of products referred to in Article 4.

E.
BÓKUN

um beitingu samkomulags um stofnun samtaka milli aðildarríkja Fríverzlunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Finnlands gagnvart furstadæminu Liechtenstein.

Þau ríki, sem undirritað hafa samkomulagið um stofnun samtaka milli aðildarríkja Fríverzlunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Finnlands og furstadæmið Liechtenstein

með hliðsjón af bókun frá 4. janúar 1960 um beitingu samningsins um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu gagnvart furstadæminu Liechtenstein

eru sammála um eftirfarandi:

1. Samkomulaginu skal beitt gagnvart furstadæminu Liechtenstein meðan það er í tollabandalagi við Sviss og Sviss er meðlimur í samtökunum.

2. Sviss skal koma fram sem fulltrúi Liechtenstein vegna samkomulags þessa.

3. Bókun þessi skal fullgildast af ríkjum þeim, sem undir rita. Fullgildingarskjölin skulu vera í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal tilkynna þar um öllum öðrum ríkjum, sem undir rita.

4. Gildistaka bókunar þessarar skal vera þegar fullgildingarskjöl allra ríkja, sem undirrita, hafa verið lögð fram.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undiritaðir, með fullu umboði, undiritað bókun þessa.

GERT í Helsingi hinn 27. marz 1961,
í einu eintaki á ensku og frönsku, og skulu báðir textarnir jafngildir, og þeir fengnir í vörzlu ríkisstjórnar Svíþjóðar, sem skal senda öllum öðrum ríkjum, sem undirrita samninginn og aðilar gerast, staðfest eftirrit.

E.

PROTOCOL

relating to the application of the Agreement creating an Association between the Member States of the European Free Trade Association and the Republic of Finland to the Principality of Liechtenstein

The signatory States of the Agreement creating an Association between the Member States of the European Free Trade Association and the Republic of Finland, and the Principality of Liechtenstein,

Considering the Protocol of 4th January, 1960 relating to the application of the Convention establishing the European Free Trade Association to the Principality of Liechtenstein,

Have agreed as follows:

1. The Agreement shall apply to the Principality of Liechtenstein as long as it forms a customs union with Switzerland and Switzerland is a Party to the Agreement.

2. For the purposes of the Agreement, the Principality of Liechtenstein shall be represented by Switzerland.

3. This Protocol shall be ratified by the signatory States. The instruments of ratification shall be deposited with the Government of Sweden which shall notify all other signatory States.

4. This Protocol shall enter into force on the deposit of instruments of ratification by all signatory States.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized thereto, have signed the present Protocol.

DONE at Helsinki the twenty-seventh day of March 1961,
in a single copy in the English and French languages, both texts being equally authentic, which shall be deposited with the Government of Sweden, by which certified copies shall be transmitted to all other signatory and acceding States.

F.

BÓKUN

um samkomulag, sem gert var í samningaviðræðum um aðild Íslands að samningi um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu og að samkomulaginu um stofnun samtaka milli aðildarríkja Fríverzlunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Finnlands.

1. Þegar orðin "samningur" og "samkomulag" eru notuð í sambandi við aðild Íslands, ná þau einnig til allra breytinga, túlkana og bókana, sem gerðar hafa verið fram til 1. janúar 1970.

2. Varðandi 5. grein samningsins: Með tilliti til þess, hve íslenzkir fjáröflunartollar eru margir og Ísland óskar að byggja upp útflutningsiðngreinar og endurgreiða þann hluta fjáröflunartolla, sem ekki felur í sér vernd, en jafnframt fara fram á EFTA-meðferð, er samkomulag um það, að ef aðildarríki staðhæfir að endurgreiðsla af Íslands hálfu af þeim hluta fjáröflunartolls, sem ekki felur í sér vernd, og lagður er á hráefni og hálfunnar vörur, valdi viðskiptafráviki, skuli ríkisstjórn Íslands vera reiðubúin að eiga viðræður um málið með það fyrir augum að leita úrræða. Náist ekki samkomulag, skal málinu vísað til ráðsins í þeim tilgangi að finna á því lausn.

3. Varðandi 8. grein samningsins: Ljóst er, að á útflutning íslenzkra sjávarafurða eru lögð gjöld til að afla tekna fyrir ýmsa sjóði og til að standast straum af kostnaði, sem einvörðungu koma þessari atvinnugrein sjálfri til góða, og að ráðið muni taka málið til athugunar sé þess óskað af einhverju aðildarríki.

4. Varðandi 10. grein samningsins:

(a) Grein þessi gildir ekki um innflutning eftirtalinna vara frá landssvæði annarra aðildarríkja til Íslands:

(i) *Bruxelles-tollskrár-númer*	
27.09	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, óhreinsaðar;
ex 27.10	Jarðolía hreinsuð að nokkru, þar með talið "topped crude";
ex 27.10	Benzín, þó ekki flugvélabenzín;
ex 27.10	Gasolía (distillate fuel);
ex 27.10	Brennsluolía (residual fuel oil).

Innflutningshöftum á þessum vörum skal beitt á þann hátt, að seljendur í aðildarríkjum fái tækifæri til að keppa við aðra seljendur á eðlilegan og jafnan hátt um sanngjarnan hluta íslenzka markaðsins fyrir þessar vörur, enda sé tekið tillit til eðlilegrar þróunar viðskiptanna.

F.

RECORD

of understandings reached during the negotiations leading to the accession of Iceland to the Convention establishing the European Free Trade Association and to the Agreement creating an association between the Member States of the European Free Trade Association and the Republic of Finland

1. When used in connection with the accession of Iceland the words "Convention" and "Agreement" shall be understood to include all amendments made and interpretations and understandings reached up to 1st January 1970.

2. In relation to Article 5 of the Convention: In view of the wide range of Icelandic revenue duties and Iceland's wish to develop export industries and intention to grant drawback in respect of the non-protective element in revenue duties while claiming EFTA treatment, it is understood that, in the event of any Member State representing that the granting by Iceland of drawback in respect of the non-protective element of revenue duties gives rise to a deflection of trade, the Icelandic Government will be prepared to enter into consultations with a view to remedying the situation. Failing agreement, the matter shall be reported to the Council with a view to finding a solution.

3. In relation to Article 8 of the Convention: It is noted that exports of fisheries products from Iceland are subject to levies for the purpose of financing various funds and costs exclusively for the benefit of the industry itself, and that the Council will consider the matter if so requested by any Member State.

4. In relation to Article 10 of the Convention:

(a) This Article shall not apply in respect of imports into Iceland of the following goods from the territory of other Member States:

Brussels Nomenclature Number	
(i)	BN 27.09 Petroleum oils and oils obtained from minerals, crude;
	ex BN 27.10 Partly refined petroleum, including topped crudes;
	ex BN 27.10 Motor spirit, excluding aircraft motor spirit;
	ex BN 27.10 Distillate fuels;
	ex BN 27.10 Residual fuel oils.

Quantitative restrictions on these goods shall be applied in such a way as to give suppliers in Member States the opportunity to compete with other suppliers on fair and equal terms for a reasonable share of the Icelandic market for these products having regard to the normal development of trade.

(ii)

Bruxelles-tollskrár-númer	
96.01 og ex 96.02	Burstagerðarvörur, þó ekki burstar, sem eru hlutar af vélum, málningarrúllur, gúmmíþurrkur á skafti (aðrar en rúllur) og skaftþvögur, listmálunarpenslar og tannburstar

á þeim forsendum, að slíkar burstagerðarvörur séu framleiðsla blindra á Íslandi.

(b) Um það er samkomulag, að hvað varðar:

Bruxelles-tollskrár-númer	
ex 17.04	Lakkrís sykraður og lakkrísvörur;
ex 17.04	Sykurvörur, sem kakaó er ekki í, þó ekki möndlumassi í 10 kg. blokkum og stærri;
ex 18.06	Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó, þó ekki möndlumassi í 10 kg. blokkum og stærri;
22.03	Öl gert úr malti;
25.23	Portlandssement, alumínatsement, slaggsement og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall;

skuli ekki settir glóbalkvótar fyrir innflutningi til Íslands fyrr en 1. janúar 1972. Eftir þann tíma skal slakað hraðar á innflutningshöftum á þessum vörum og þau afnumin ekki síðar en 31. desember 1974."

5. Varðandi 11. grein samningsins: Ljóst er, að útflutningsleyfakerfi Íslands, samkvæmt lögum nr. 30 frá 27. maí 1960, felur ekki í sér nein höft á, eða bann við, útflutningi Íslands til aðildarríkjanna.

6. Um það er samkomulag:

(a) að bókun um samkomulag, sem gerð var í samningaviðræðum, sem leiddu til samnings um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu,
og
bókun um samkomulag um útflutning frystra flaka til Bretlands með viðauka, skuli gilda í samskiptum núverandi aðildarríkja og Íslands,
og

(b) að bókun um samkomulag, sem gerð var í samningaviðræðum, sem leiddu til samkomulags um stofnun samtaka milli aðildarríkja Fríverzlunarsamtaka

Brussels Nomenclature Number	
(ii) BN 96.01 and ex BN 96.02	Brooms and brushes except brushes of a kind used as part of machines, paint rollers, squeegees (other than roller squegees) and mops, artist brushes and tooth-brushes

on the grounds that such brooms and brushes are made by the blind in Iceland.

(b) It is understood that for:

Brussels Nomenclature Number	
ex BN 17.04	Sweetened liquorice and liquorice preparations;
ex BN 17.04	Sugar confectionery, not containing cocoa, excluding the following: sweetened liquorice and liquorice preparations, paste of powdered almonds and sugar or persipan in blocks of 10 kg. or more;
ex BN 18.06	Chocolate and other food preparations containing cocoa, excluding paste of powdered almonds and sugar or persipan in blocks of 10 kg. or more;
BN 22.03	Beer made from malt;
BN 25.23	Portland cement, ciment fondu, slag cement, supersulphate cement and similar hydraulic cements, whether or not coloured or in the form of clinker;

global quotas will not be established by Iceland until 1st January, 1972. Thereafter the quantitative import restrictions on those goods shall be relaxed more rapidly and be eliminated not later than 31st December, 1974.

5. In relation to Article 11 of the Convention: It is noted that the export licence system operated by Iceland in accordance with Act No. 30 of 27th May, 1960, does not involve any restrictions on, or prohibition of, Icelandic exports to Member States.

6. It is understood:

3. an exhibition or meeting which is primarily organised to promote any branch of learning, art, craft, sport or scientific, educational or cultural activity, to promote friendship between peoples, or to promote religious knowledge or worship; or
4. a meeting of representatives of any international organisation or international group of organisations; or
5. a representative meeting of an official or commemorative character;

except exhibitions organised for private purposes in shops or business premises with a view to the sale of foreign goods;

b) the term "import duties" means Customs duties and all other duties and taxes payable on, or in connection with importation and shall include all internal taxes and excise duties chargeable on imported goods, but shall not include fees and charges which are limited in amount to the approximate cost of services rendered and do not represent an indirect protection to domestic products or a taxation of imports for fiscal purposes;

c) þýðir hugtakið „innflutningur um stundarsakir" innflutningur um stundarsakir, sem ekki er háður innflutningstolli, innflutningsbanni eða hömlum, enda sé um endurútflutning að ræða;

d) þýðir hugtakið „Ráðið" stofnun sú, sem kveðið er á um í samningi um Tollasamvinnuráð, sem gerður var í Brüssel hinn 15. desember 1950;

e) þýðir hugtaðið „einstaklingur" bæði einstaklingar og persónur að lögum, nema annað leiði af samhengi.

c) the term "temporary admission" means temporary importation free of import duties and free of import prohibitions and restrictions, subject to re-exportation;

d) the term "the Council" means the Organisation set up by the Convention establishing a Customs Cooperation Council, done at Brussels on 15th December 1950;

e) the term "person" means both natural and legal persons, unless the context otherwise requires.

2. kafli.
Innflutningur um stundarsakir.

2. gr.

1. Innflutningur um stundarsakir skal leyfður fyrir:

a) vörur, sem ætlaðar eru til sýningar eða kynningar á sýningu,

b) vörur, sem ætlað er að nota í sambandi við kynningu á erlendum vörum á sýningu, þ. á. m.

i) vörur, sem nauðsynlegar eru til að kynna erlendar vélar eða tæki, sem sýna á,

ii) bygginga og skreytingaefni, þ. á. m. rafmagnsvörur fyrir bráðabirgða sýningasvæði erlendra aðila,

iii) auglýsinga og skýringaefni, sem greinilega er ætlað til auglýsinga vegna hinna erlendu vara, sem sýna á, t. d. hljóðupptökur, filmur og skuggamyndir ásamt tækjum til notkunar í því sambandi:

c) útbúnaður þ. á. m. þýðingatæki, segulbandstæki og filmur, sem eru menntunar-, vísindalegs eða menningarlegs eðlis og ætlað er að nota á alþjóðlegum fundum, ráðstefnum eða þingum.

2. Hlunnindi þau, sem getið er í 1. mgr. þessarar greinar skulu veitt að því áskildu, að

a) hægt sé að þekkja vöruna aftur við endurútflutning;

Chapter II.
Temporary Admission.

Article 2.

1. Temporary admission shall be granted to:

a) goods intended for display or demonstration at an event;

b) goods intended for use in connection with the display of foreign products at an event, including:

i) goods necessary for the purpose of demonstrating foreign machinery or apparatus to be displayed,

ii) construction and decoration material, including electrical fittings, for the temporary stands of foreign exhibitors,

iii) advertising and demonstration material which is demonstrably publicity material for the foreign goods displayed, for example, sound recordings, films and lantern slides, as well as apparatus for use therewith;

c) equipment including interpretation apparatus, sound recording apparatus and films of an educational, scientific or cultural character intended for use at international meetings, conferences or congresses.

2. The facilities referred to in paragraph 1 of this Article shall be granted provided that:

a) the goods are capable of identification on re-exportation;

b) tala eða magn sams konar vara sé sanngjarnt þegar tillit er tekið til þess, í hvaða skyni varan er flutt inn;

c) tollyfirvöld lands þess, sem varan er flutt til hafa gengið úr skugga um, að skilyrði samnings þessa séu uppfyllt.

3. gr.

Vörur, sem fluttar eru inn um stundarsakir, skulu ekki meðan þær njóta hlunninda samkvæmt samningi þessum, nema slíkt sé heimilt samkvæmt lögum og reglugerðum lands þess sem þær eru fluttar til um stundarsakir:

a) afhentar til láns eða leigu eða fyrir nokkurs konar þóknun; eða

b) fluttar frá þeim stað, sem þeim er ætlað að vera á vegum sýningar.

4. gr.

1. Vörur, sem fluttar eru inn um stundarsakir, skulu endurútfluttar innan sex mánaða frá innflutningi þeirra. Tollyfirvöld þess lands, sem þær eru fluttar til um stundarsakir, geta þó með hliðsjón af aðstæðum og sérstaklega lengd sýningatíma og eðli sýningar ákveðið að vörurnar skuli endurútfluttar fyrr, þó eigi fyrr en mánuður er liðinn frá lokun sýningar.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar, skulu tollyfirvöld leyfa, að vörur, sem sýna á eða nota við síðara tækifæri, megi vera áfram í landi því, sem þær eru fluttar til um stundarsakir, enda verði þá uppfyllt þau skilyrði, sem lög og reglugerðir þess lands kunna að setja og vörurnar verði endurútfluttar innan árs frá innflutningsdegi.

3. Þegar sérstaklega stendur á, geta tollyfirvöld, innan þeirra takmarka sem lög og reglugerðir innflutningslandsins setja, annaðhvort samþykkt lengri tímabil en þau, sem tiltekin eru í 1. og 2. mgr. þessarar greinar eða framlengt hið upphaflega tímabil.

b) the number or quantity of identical articles is resonable having regard to the purpose of importation;

c) the Customs authorities of the country of temporary importation are satisfied that the conditions of the present Convention shall be fulfilled.

Article 3.

Unless the national laws and regulations of the country of temporary importation so permit, goods granted temporary admission shall not, whilst they are the subject of the facilities granted under the present Convention:

a) be loaned, or used in any way for hire or reward; or

b) be removed from the place of the event.

Article 4.

1. Goods granted temporary admission shall be reexported within six months from the date of importation. However Customs authorities of the country of temporary importation may, with due regard to the circumstances and in particular the duration and nature of the event, require that the goods be re-exported within a shorter period which shall, nevertheless, extend at least one month after the termination of the event.

2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1 of this Article the Customs authorities shall allow such goods which are to be displayed or used at a subsequent event to remain within the country of temporary importation, subject to compliance with such conditions as may be required by the laws and regulations of that country and provided that the goods are re-exported within one year of the date of importation.

3. For valid reasons the Customs authorities may, within the limits laid down by the laws and regulations of the country of temporary importation, either grant longer periods than those provided for in paragraphs 1 and 2 of the present Article or extend the initial period.

4. Þegar ekki er hægt að endurútflytja vörur, sem fluttar eru inn um stundarsakir vegna upptöku opinberra aðila, en ekki einkaaðila, fellur endursendingarskyldan niður á meðan upptakan varir.

5. gr.

1. Þrátt fyrir skilyrðið um endurútflutning, sem samningur þessi gerir ráð fyrir, skal ekki farið fram á endurútflutning vara, sem hafa orðið fyrir verulegu tjóni, vara, sem lítið verðmæti hafa og vara, sem ekki þola geymslu, enda skulu vörurnar þá:

a) háðar innflutningstolli þeim, er við á, eða

b) afhentar útgjaldalaust til ríkissjóðs þess lands, sem þær voru fluttar til um stundarsakir, eða

c) eyðilagðar undir opinberu eftirliti, án útgjalda fyrir ríkissjóð þess lands, sem þær voru fluttar til um stundarsakir; samkvæmt því, sem tollyfirvöld kunna að ákveða.

2. Vörum, sem fluttar eru inn um stundarsakir, má ráðstafa með öðrum hætti en endurútflutningi, og þá einkum til notkunar innanlands, enda sé þá fylgt þeim skilyrðum og ákvæðum, sem tiltekin eru í lögum og reglugerðum þess lands, sem vörurnar eru fluttar til um stundarsakir, að því er snertir beinan innflutning erlendis frá.

4. When goods granted temporary admission cannot be re-exported as a result of a seizure, other than a seizure made at the suit of private persons, the requirement of re-exportation provided for in this Article shall be suspended for the duration of the seizure.

Article 5.

1. Notwithstanding the requirement of re-exportation laid down by the present Convention, the re-exportation of badly damaged goods, goods of little value and perishable goods, shall not be required, provided that the goods:

a) are subjected to the import duties to which the are liable; or

b) are abandoned free of all expense to the Exchequer of the country into which they were temporarily imported; or

c) are destroyed, under official supervision, without expense to the Exchequer of the country into which they were tempararily imported;

as the Customs authorities may require.

2. Goods granted temporary admission may be disposed of otherwise than by re-exportation, and in particular may be taken into home use, subject to compliance with the conditions and formalities applicable under the laws and regulations of the country of temporary importation in respect of such goods imported directly from abroad.

3. kafli.
Undanþága frá innflutningstollum.

6. gr.

1. Ef ekki er gerður fyrirvari varðandi tilteknar vörur samkvæmt ákvæðum 23. gr. samnings þessa, skulu innflutningstollar ekki á lagðir né innflutningsbanni eða hömlum beitt eða endurútflutnings krafizt varðandi eftirtaldar vörur:

Chapter III.
Waiver of import duties.

Article 6.

1. Unless a reservation has been notified in respect of certain goods under the terms of Article 23 of the present Convention, import duties shall not be levied and import prohibitions and restrictions shall be waived, and where temporary admission has been granted re-exportation shall not be required, in respect of the following goods:

a) Sýnishorn erlendra vara, sem sýndar eru á sýningu, þ. á. m. sýnishorn af matvörum og drykkjarvörum, sem annaðhvort eru fluttar inn sem sýnishorn eða framleidd af meira magni við það tækifæri, að því áskildu, að þau séu

i) afhent án endurgjalds erlendis frá og notuð eingöngu til dreifingar án endurgjalds til sýningargesta til neyzlu þeirra eða afnota,

ii) notuð í auglýsingaskyni og séu hvert um sig lítils virði,

iii) ekki fallin til sölu og séu eftir atvikum að magni til minni en minnstu einingar í smásölu,

iv) sýnishorn af matvörum eða drykkjarföngum, sem ekki er dreift í pökkum sbr. (iii) að framan og neytt er á staðnum og

v) að heildar verðmæti og magni sé í hóf stillt að mati tollyfirvalda þess lands, sem vörurnar eru fluttar til með hliðsjón af eðli sýningar, fjölda sýningargesta og þátttöku þess sem vörurnar hefur til sýningar;

b) Vörur, sem fluttar eru inn eingöngu til sýningar eða til að sýna notkun erlendra véla eða tækja á sýningu og neytt er eða eyðilagðar eru við slíka sýningu, enda sé heildarverðmæti og magn slíkra vara sanngjarnt að mati tollyfirvalda í því landi, sem varan er flutt til, og tillit tekið til eðlis tiltekins tækifæris, fjölda sýningargesta og þátttöku þess, sem vörurnar hefur til sýningar;

c) Vörur, sem lítið verðmæti hafa og notaðar eru til að byggja upp, hanna og skreyta bráðabirgða sýningarsvæði er-

a) Small samples which are representative of foreign goods displayed at an event, including such samples of foods and beverages, either imported in the form of such samples or produced from imported bulk materials at that event provided that:

i) they are supplied free of charge from abroad and are used solely for distribution free of charge to the visting public at the event, for individual use or consumption by the persons to whom they are distributed,

ii) they are identifiable as advertising samples and are individually of little value,

iii) they are unsuitable for commercial purpose and are, where appropriate, packed in quantities appreciably smaller than the smallest retail package,

iv) samples of foods and beverages which are not distributed in packs as provided for in (iii) above are consumed at the event, and

v) the aggregate value and quantity of the samples are, in the opinion of the Customs authorities of the country of importation, resonable having regard to the nature of the event, the number of visitors to it and the extent of the exhibitor's participation therein;

b) Goods imported solely for demonstration or for the purpose of demonstrating the operation of a foreign machine or apparatus displayed at an event and consumed or destroyed in the course of such demonstration, provided that the aggregate value and quantity of such goods are, in the opinion of the Customs authorities of the country of importation, resonable having regard to the nature of the event, the number of visitors to it and the extent of the exhibitor's participation therein;

c) Products of low value used up in constructing, furnishing or decorating the temporary stands of foreign exhibi-

lendra sýningarstjóra á sýningu, svo sem málning, fernisolía og veggfóður;

d) Prentvörur, skrár, vörulýsingar, verðlistar, auglýsingamyndir, dagatöl með eða án mynda, og rammalausar myndir, sem sjáanlega eru auglýsingaefni vegna hinna erlendu vara á sýningunni, að því áskildu, að:

i) Vörurnar séu sendar endurgjaldslaust erlendis frá og notaðar eingöngu til endurgjaldslausrar dreifingar handa sýningargestum og
ii) heildarverðmæti og magn slíkra vara sé sanngjarnt að mati tollyfirvalda í því landi, sem varan er flutt til um stundarsakir, enda sé tillit tekið til eðlis sýningar, fjölda sýningargesta og þátttöku þess, sem vörurnar hefur til sýningar.

2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skulu ekki taka til áfengra drykkja, tóbaksvara og eldsneytis.

7. gr.

Málsskjöl, skjalasöfn, eyðublöð og önnur skjöl, sem flutt eru inn til notkunar við eða í sambandi við alþjóðlega fundi, ráðstefnur og þing skulu undanþegin innflutningstollum, innflutningsbanni og hömlum.

tors at an event, such as paint, varnish and wallpaper;

d) Printed matter, catalogues, trade notices, price lists, advertising posters, calendars, whether or not illustrated, and unframed photographs, which are demonstrably publicity material for the foreign goods displayed at an event, provided that:

i) they are supplied free of charge from abroad and are used solely for distribution free of charge to the visiting public at the event, and
ii) the aggregate value and quantity of such goods are, in the opinion of the Customs authorities of the country of importation, resonable having regard to the nature of the event, the number of visitors to it and the extend of the exhibitor's participation therein.

2. The provisions of paragraph 1 of this Article shall not be applicable to alcoholic beverages, tobacco goods and fuels.

Article 7.

Files, records, forms and other documents which are imported for use as such at or in connection with international meetings, conferences or congresses, shall be admitted free of import duties and free of any import prohibition or restricition.

4. kafli.
Einföldun formsatriða.

8. gr.

Hver samningsaðili skal draga svo sem unnt er úr formsatriðum í sambandi við hlunnindi þau, sem samningur þessi gerir ráð fyrir. Allar reglur varðandi slík formsatriði skulu birtar án tafar.

9. gr.

1. Þegar samningsaðili krefst tryggingar fyrir því að skilyrði séu uppfyllt vegna hlunninda, sem tiltekin eru í samningi þessum, skal upphæð slíkrar

Chapter IV.
Simplification of formalities.

Article 8.

Each Contracting Party shall reduce to a minimum the Customs formalities required in connection with the facilities provided for in the present Convention. All regulations concerning such formalities shall be promptly published.

Article 9.

1. In cases where a Contracting Party requires security for compliance with the conditions governing the granting of facilities provided for in the present

tryggingar ekki vera meiri en 10% hærri en innflutningstollur slíkrar vöru.

2. Slíkir samningsaðilar skulu leitast við að taka gilda eftir því sem unnt er, almenna tryggingu frá þeim, sem sýningu skipuleggja eða öðrum aðila, sem samþykktur er af tollyfirvöldum í stað tryggingar einstaklings, sem krefjast mætti samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

10. gr.

1. Tollskoðun og afgreiðsla við innflutning og endurútflutning vara, sem sýna á eða hafa verið sýndar á sýningu skal, þegar unnt er, fara fram á sýningarstað.

2. Hver samningsaðili skal leitast við, þegar hagkvæmt þykir með hliðsjón af þýðingu og stærð sýningar, að setja upp tollstöð í sanngjarnan tíma á sýningarsvæði í hlutaðeigandi landi.

3. Vörur, sem fluttar hafa verið inn um stundarsakir, má endurútflytja með einni sendingu eða fleirum fyrir atbeina tollstöðvar sem slíka afgreiðslu getur annast og skal slíkur endurútflutningur ekki takmarkaður við tollstöð, sem annaðist innflutning hlutaðeigandi vöru, nema þegar innflytjandi vörunnar skuldbindur sig til að endurútflytja vörurnar um þá tollstöð til þess að njóta auðveldari tollafgreiðslu.

5. kafli.

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu taka til vara, sem framleiddar eru á sýningunni úr efni, sem flutt er inn um stundarsakir, við notkun véla og tækja þar vegna sýningar.

12. gr.

Ákvæði þessa samnings gefa til kynna þá lágmarksfyrirgreiðslu, sem veita skal,

Convention, the amount of such security shall not exceed the amount of the import duties chargeable by more than 10%.

2. Such Contracting Parties shall endeavour to accept whenever possible a general security from the organiser of the event or from any other person approved by the Customs authorities, in place of individual security which might be required under paragraph 1 of this Article.

Article 10.

1. Customs examination and clearance on the importation and re-exportation of goods which are to be, or have been, displayed, or used at any event shall whenever possible and appropriate, be effected at that event.

2. Each Contracting Party shall endeavour, wherever it deems it appropriate in view of the importance and size of the event, to establish a Customs office for a reasonable period within the premises of an event held within its territory.

3. Goods granted temporary admission may be re-exported in one or several consignments and through any Customs office open for such operations, and such re- exportation shall not be confined to the Customs office of importation, except in cases where, with a view to benefiting from a simplified procedure, the importer undertakes to re-export his goods through the Customs office of importation.

Chapter V.

Miscellaneous provisions.

Article 11.

Products obtained incidentally during the event from temporarily imported goods as a result of the demonstration of displayed machinery or apparatus, shall be subject to the provisions of the present Convention.

Article 12.

The provisions of the present Convention set out the minimum facilities to

en hindra ekki að frekari fyrirgreiðsla sé veitt af einstökum samningsaðilum eða verði veitt í framtíðinni með einhliða ákvörðunum eða vegna tvíhliða og marghliða samninga.

13. gr.

Skoða má lönd þeirra samningsaðila, sem mynda saman tolla- eða efnahagsbandalag, sem eitt landssvæði samkvæmt þessum samningi.

14. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu ekki koma í veg fyrir að beitt sé

a) landslögum eða öðrum samningsákvæðum, sem ekki varða tollafgreiðslu og fjalla um skipulagningu sýningar;

b) bönnun eða takmörkun samkvæmt landslögum og reglugerðum vegna almenns siðgæðis, almenns öryggis, heilbrigðiseftirlits eða hreinlætis eða vegna sjúkdóma dýra eða jurta eða vegna verndunar vörumerkja og höfundaréttar.

15. gr.

Sérhvert brot á ákvæðum samnings þessa, skipti á vörum, rangar upplýsingar eða verknaður, sem leiðir til þess að einstaklingur eða vörur njóti á óréttmætan hátt hlunninda þeirra, sem samningur þessi tekur til, getur leitt til refsiábyrgðar í því landi, þar sem verknaðurinn var framinn, samkvæmt lögum og reglugerðum þess lands og greiðslu hvers konar innflutningstolla, sem við eiga.

6. kafli.
Lokaákvæði.

16. gr.

1. Samningsaðilar skulu koma saman til fundar þegar nauðsyn krefur, til að fjalla um reynsluna af þessum samningi, og sér í lagi til viðræðna um aðgerðir, sem tryggja samræmda stefnu við skýringu og framkvæmd þessa samnings.

be accorded. They do not prevent the application of greater facilities which certain Contracting Parties grant or may grant in future by unilateral provisions or in virtue of bilateral and multilateral agreements.

Article 13.

For the purpose of the present Convention the territories of Contracting Parties which form a Customs or economic union may be taken to be a single territory.

Article 14.

The provisions of the present Convention shall not preclude the application of:

a) national or conventional provisions not of a Customs nature regulating the organisation of events;

b) prohibitions or restrictions imposed under national laws and regulations on grounds of public morality or order, public security, public hygiene or health, or for veterinary or phytopathological considerations, or relating to the protection of patents, trade marks and copyrights.

Article 15.

Any breach of the provisions of the present Convention, any substitution, false declaration or act having the effect of causing a person or goods improperly to benefit from the facilities provided for in the present Convention, may render the offender liable in the country where the offence was committed to the penalties prescribed by the laws and regulations of that country and to payment of any import duties chargeable.

Chapter VI.
Final provisions.

Article 16.

1. The Contracting Parties shall meet together when necessary in order to consider the operation of the present Convention and, in particular, in order to consider measures to secure uniformity in the interpretation and application of the present Convention.

2. Slíkir fundir skulu boðaðir af framkvæmdastjóra ráðsins, að beiðni einhvers samningsaðila. Fundir skulu haldnir í höfuðstöðvum ráðsins nema samningsaðilar ákveða annað.

3. Samningsaðilar skulu ákveða reglur um fundarsköp þessara funda. Ákvarðanir samningsaðila skulu teknar af minnst ⅔ hluta samningsaðila, sem sækja fund og greiða atkvæði.

4. Samningsaðilar skulu ekki taka ákvörðun í neinu máli nema að minnsta kosti helmingur þeirra sé viðstaddur.

17. gr.

1. Sérhvern ágreining milli samningsaðila varðandi skýringu eða framkvæmd þessa samnings, skal reynt að leysa með samningum ef unnt er.

2. Sérhverjum ágreiningi, sem ekki leysist með samningum, skal vísað af viðkomandi samningsaðilum til fundar samningsaðila í samræmi við 16. grein þessa samnings, sem skal því næst taka málið til meðferðar og bera fram tillögur til lausnar ágreiningnum.

3. Viðkomandi samningsaðilar geta fyrirfram samþykkt að líta á tillögur samningsaðila sem bindandi fyrir sig.

18. gr.

1. Sérhvert meðlimaríki ráðsins og sérhvert meðlimaríki Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra geta orðið samningsaðili að þessum samningi:

a) með undirritun samningsins án fyrirvara um fullgildingu
b) með undirritun fullgildingarskjals eftir að hafa undirritað samninginn með fyrirvara um fullgildingu eða
c) með aðild að samningnum.

2. Þau ríki, sem nefnd eru í 1. málsgrein þessarar greinar skulu eiga rétt á að undirrita þennan samning í höfuðstöðvum ráðsins í Brüssel fram til 31.

2. Such meetings shall be convened by the Secretary General of the Council at the request of any Contracting Party. Unless the Contracting Parties otherwise decide, the meetings shall be held at the Headquarters of the Council.

3. The Contracting Parties shall lay down the rules of procedure for their meetings. Decisions of the Contracting Parties shall be taken by a majority of not less than two-thirds of the Contracting Parties present at the meeting and voting.

4. The Contracting Parties shall not take a decision on any matter unless more than half of them are present.

Article 17.

1. Any dispute between Contracting Parties concerning the interpretation or application of the present Convention shall so far as possible be settled by negotiation between them.

2. Any dispute which is not settled by negotiation shall be referred by the Contracting Parties in dispute to the Contracting Parties, meeting in conformity with Article 16 of the present Convention, which shall thereupon consider the dispute and make recommendations for its settlement.

3. The Contracting Parties in dispute may agree in advance to accept the recommendations of the Contracting Parties as binding.

Article 18.

1. Any State Member of the Council and any State Member of the United Nations or its specialised agencies may become a Contracting Party to the present Convention:

a) by signing it without reservation of ratification;

b) by depositing an instrument of ratification after signing it subject to ratification; or

c) by acceding to it.

2. The present Convention shall be open until 31st March, 1962, for signature at the Headquarters of the Council in Brussels, by the States referred to in

marz 1962. Eftir þann tíma geta ofangreind ríki orðið aðilar að samningnum.

3. Í því tilviki, sem vikið er að í b-lið 1. málsgreinar þá skal fullgilding þessara ríkja, sem undirritað hafa samninginn vera háð stjórnskipunarlögum þeirra.

4. Sérhvert ríki, sem ekki er meðlimur þeirra samtaka, sem nefnd eru í 1. málsgrein þessarar greinar og fengið hefur boð framkvæmdastjóra ráðsins samkvæmt beiðni samningsaðila, getur orðið samningsaðili að þessum samningi, með því að gerast aðili eftir að hann gengur í gildi.

5. Fullgildingar eða aðildarskjöl skulu afhendast framkvæmdastjóra ráðsins.

19. gr.

1. Þessi samningur skal taka gildi þremur mánuðum eftir að fimm þeirra ríkja, sem nefnd eru í 1. málsgrein 18. greinar samningsins, hafa undirritað hann án fyrirvara um fullgildingu eða hafa afhent fullgildingar- eða aðildarskjöl sín.

2. Fyrir sérhvert ríki, sem fullgildir eða gerist aðili að þessum samningi eftir að fimm ríki hafa undirritað hann án fyrirvara um fullgildingu eða hafa afhent fullgildingar- eða aðildarskjöl sín, þá gengur samningurinn í gildi 3 mánuðum eftir að ríkið hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjal sitt.

20. gr.

1. Þessi samningur hefur ótakmarkaðan gildistíma, en sérhvert ríki getur sagt honum upp, hvenær sem er eftir að samningurinn hefur tekið gildi samkvæmt 19. grein.

2. Uppsögnin skal tilkynnt með skriflegu skjali, sem afhent er framkvæmdastjóra ráðsins.

3. Uppsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að uppsagnarskjalið hefur verið móttekið af framkvæmdastjóra ráðsins.

paragraph 1 of this Article. Thereafter, it shall be open for their accession.

3. In the case envisaged in paragraph 1 (b) of this Article, the present Convention shall be subject to ratification by the signatory States in accordance with their constitutional procedures.

4. Any State, not being a Member of the Organisations referred to in paragraph 1 of this Article, to which an invitation to that effect has been addressed by the Secretary General of the Council at the request of the Contracting Parties, may become a Contracting Party to the present Convention by acceding thereto after its entry into force.

5. The instruments of ratification or accession shall be deposited with the Secretary General of the Council.

Article 19.

1. The present Convention shall enter into force three months after five of the States referred to in paragraph 1 of Article 18 thereof have signed it without reservation of ratification or have deposited their instruments of ratification or accession.

2. For any State ratifying or acceding to the present Convention after five States have signed it without reservation of ratification or have deposited their instruments of ratification or accession, the present Convention shall enter into force three months after the said State has deposited its instrument of ratification or accession.

Article 20.

1. The present Convention is of unlimited duration but any Contracting Party may denounce it at any time after the date of its entry into force under Article 19 thereof.

2. The denunciation shall be notified by an instrument in writing, deposited with the Secretary General of the Council.

3. The denunciation shall take effect six months after the receipt of the instrument of denunciation by the Secretary General of the Council.

21. gr.

1. Á fundi í samræmi við 16. grein þessa samnings geta samningsaðilar mælt með breytingum á honum.

2. Framkvæmdastjóri ráðsins skal koma á framfæri texta með þeim breytingum, sem mælt er með, við alla samningsaðila, við öll önnur ríki, sem hafa undirskrifað eða gerzt aðilar að honum, við framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og við UNESCO.

3. Innan sex mánaða frá þeim degi er breytingin sem mælt er með hefur verið komið á framfæri, getur sérhver samningsaðili tilkynnt framkvæmdastjóra ráðsins,

a) að hann leggist gegn breytingunni sem mælt er með,

b) að enda þótt hann ætli að samþykkja breytinguna sem mælt er með þá séu skilyrði fyrir slíku samþykki ekki enn fyrir hendi í hans landi.

4. Ef samningsaðili sendir framkvæmdastjóra ráðsins orðsendingu á þann hátt, sem greint er frá í 3. málsgrein (b) þessarar greinar, leyfist honum, svo framarlega sem hann hefur ekki tilkynnt framkvæmdastjóranum, að hann samþykki breytinguna sem mælt er með, að bera fram mótmæli gegn breytingunni innan níu mánaða eftir að sex mánaða fresturinn rennur út sem vísað er til í 3. málsgrein þessarar greinar.

5. Ef mótmæli eru sett fram gegn breytingunni sem mælt er með, í samræmi við skilyrði 3. og 4. málsgreinar þessarar greinar, skal litið svo á að breytingin hafi ekki hlotið samþykki og öðlist ekki gildi.

6. Ef engin mótmæli hafa verið borin fram gegn breytingunni sem mælt er með, í samræmi við 3. og 4. málsgrein þessarar greinar, skal breytingin skoðast samþykkt frá þeim tíma sem tilgreindur er hér á eftir:

a) þegar sex mánaða fresturinn samkvæmt 3. málsgrein rennur út, ef enginn samningsaðili hefur sent orðsendingu í samræmi við 3. málsgrein (b) þessarar greinar,

Article 21.

1. The Contracting Parties meeting in conformity with Article 16 of the present Convention may recommend amendments thereto.

2. The text of any amendment so recommended shall be communicated by the Secretary General of the Council to all Contracting Parties, to all other signatory or acceding States, to the Secretary General of the United Nations, and to UNESCO.

3. Within a period of six months from the date on which the recommended amendment is so communicated, any Contracting Party may inform the Secretary General of the Council:

a) that it has an objection to the recommended amendment, or

b) that, although it intends to accept the recommended amendment, the conditions necessary for such acceptance are not yet fulfilled in its country.

4. If a Contracting Party sends the Secretary General of the Council a communication as provided for in paragraph 3 (b) of this Article, it may, so long as it has not notified the Secretary General of its acceptance of the recommended amendment, submit an objection to that amendment within a period of nine months following the expiry of the six-months period referred to in paragraph 3 of this Article.

5. If an objection to the recommended amendment is stated in accordance with the terms of paragraphs 3 and 4 of this Article, the amendment shall be deemed not to have been accepted and shall be of no effect.

6. If no objection to the recommended amendment in accordance with paragraphs 3 and 4 of this Article has been stated, the amendment shall be deemed to have been accepted as from the date specified below:

a) if no Contracting Party has sent a communication in accordance with paragraph 3 (b) of this Article, on the expiry of the period of six months referred to in paragraph 3;

b) ef einhver samningsaðili hefur sent orðsendingu í samræmi við 3. málsgrein (b) þessarar greinar, þá frá þeim fyrri af eftirtöldum tveim dögum:

i) þann dag, sem allir samningsaðilar sem sent hafa slíkar orðsendingar, hafa tilkynnt framkvæmdastjóra ráðsins samþykki sitt varðandi breytinguna sem mælt er með, með því skilyrði að ef samþykki allra var tilkynnt áður en sex mánaða fresturinn rann út samkvæmt 3. málsgrein þessarar greinar, þá skal sá dagur talinn vera síðasti dagur sex mánaða frestsins,

ii) þann dag, sem níu mánaða frestinum lýkur samkvæmt 4. málsgrein þessarar greinar.

7. Sérhver breyting, sem skoðast samþykkt, gengur í gildi sex mánuðum eftir það.

8. Framkvæmdastjóri ráðsins skal eins fljótt og unnt er, tilkynna öllum samningsaðilum um sérhver mótmæli gegn breytingunni sem mælt er með, sem borin eru fram í samræmi við a lið 3. málsgreinar og um sérhverja orðsendingu, sem móttekin er í samræmi við b lið 3. málsgreinar þessarar greinar. Hann skal jafnframt tilkynna öllum samningsaðilum hvort samningsaðili eða aðilar, sem hafa sent slíkar orðsendingar, mótmæla breytingunni, sem mælt er með eða samþykkja hana.

9. Sérhvert ríki, sem fullgildir eða gerist aðili að þessum samningi, telst hafa undirgengizt sérhverja breytingu á samningnum, sem hefur tekið gildi, þegar ríkið afhendir fullgildingar- eða aðildarskjal sitt.

22. gr.

1. Sérhvert ríki getur, þegar það undirritar þennan samning án fyrirvara um fullgildingu eða þegar það afhendir fullgildingar- eða aðildarskjöl sín eða hvenær sem er eftir þann tíma, lýst því yfir með tilkynningu til framkvæmdastjóra ráðsins, að þessi samningur skuli gilda á öllum eða einhverju þeirra landssvæða

b) if any Contracting Party has sent a communication in accordance with paragraph 3 (b) of this Article, on the earlier of the following two dates:

i) the date by which all the Contracting Parties which sent such communications have notified the Secretary General of the Council of their acceptance of the recommended amendment, provided that, if all the acceptances were notified before the expiry of the period of six months referred to in paragraph 3 of this Article, that date shall be taken to be the date of expiry of the said six-month period,

ii) the date of expiry of the nine-month period referred to in paragraph 4 of this Article.

7. Any amendment deemed to be accepted shall enter into force six months after the date on which it was deemed to be accepted.

8. The Secretary General of the Council shall, as soon as possible, notify all Contracting Parties of any objection to the recommended amendment made in accordance with paragraph 3 (a), and of any communication received in accordance with paragraph 3(b), of this Article. He shall subsequently inform all the Contracting Parties whether the Contracting Party or Parties which have sent such communication raise an objection to the recommended amendment or accept it.

9. Any State ratifying or acceding to the present Convention shall be deemed to have accepted any amendments thereto which have entered into force at the date of deposit of its instrument of ratification or accession.

Article 22.

1. Any State may, at the time of signing the present Convention without reservation of ratification, or of depositing its instrument of ratification or accession or at any time thereafter, declare by notification given to the Secretary General of the Council that the present Convention shall extend to all or

þar sem ríkið ber ábyrgð á alþjóðlegum samskiptum. Slík tilkynning fær gildi þremur mánuðum eftir að framkvæmdastjóri ráðsins móttekur tilkynninguna; þó eigi fyrr en samningurinn hefur öðlast gildi fyrir viðkomandi ríki.

2. Sérhvert ríki, sem hefur tilkynnt í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar, að þessi samningur nái einnig til þeirra landsvæða þar sem ríkið ber ábyrgð á alþjóðlegum samskiptum getur tilkynnt framkvæmdastjóra ráðsins í samræmi við 20. grein þessa samnings að samningurinn hafi ekki lengur gildi á viðkomandi landssvæðum.

23. gr.

1. Sérhvert ríki getur lýst yfir við undirritun, fullgildingu eða staðfestingu samnings þessa eða tilkynnt framkvæmdastjóra ráðsins eftir að það er orðið samningsaðili, að það telji sig ekki bundið af ákvæðum 1. mgr. (a) 6. gr. samnings þessa. Slíkar yfirlýsingar eða tilkynningar skulu tiltaka þær ákveðnu vörur, sem fyrirvarinn nær til. Tilkynningar til framkvæmdastjóra skulu taka gildi á nítugasta degi frá því, að framkvæmdastjóra hafa borizt þær.

2. Ef samningsaðili gerir fyrirvara samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, skulu hinir samningsaðilarnir ekki vera bundnir gagnvart þeim aðila af 1. mgr. (a) 6. gr. samnings þessa að því er varðar vörur, sem tilteknar eru í þeim fyrirvara.

3. Sérhver samningsaðili, sem gert hefur fyrirvara samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, getur hvenær sem er tekið þann fyrirvara aftur með því að tilkynna það framkvæmdastjóra ráðsins.

any of the territories for whose international relations it is responsible and the Convention shall extend to the territories named in the notification three months after the date of the receipt thereof by the Secretary General of the Council but not before the Convention has entered into force for the State concerned.

2. Any State which has made a declaration under paragraph 1 of this Article extending the present Convention to any territory for whose international relations it is responsible may notify the Secretary General of the Council, in accordance with the provisions of Article 20 of the present Convention, that the territory in question will no longer apply the Convention.

Article 23.

1. Any State may declare at the time of signing, ratifying or acceding to the present Convention, or notify the Secretary General of the Council after becoming a Contracting Party to the Convention, that it does not consider itself bound by the provisions of Article 6, paragraph 1 (a), of the present Convention. Such declarations or notifications shall stipulate the specific goods in respect of which the reservation is made. Notifications addressed to the Secretary General shall take effect on the ninetieth day after their receipt by the Secretary General.

2. If a Contracting Party enters a reservation under paragraph 1 of this Article, the other Contracting Parties shall not be bound, in relation to that Contracting Party, by Article 6, paragraph 1 (a), of the present Convention in respect of the goods specified in that reservation.

3. Any Contracting Party having entered a reservation as provided for in paragraph 1 of this Article may at any time withdraw such reservation by notifying the Secretary General of the Council.

4. Enginn annar fyrirvari skal leyfður í þessum samningi.

24. gr.

Framkvæmdastjóri ráðsins skal tilkynna öllum samningsaðilum, öðrum ríkjum, sem undirritað hafa samninginn eða staðfest hann, aðalritara Sameinuðu þjóðanna og UNESCO um:

a) undirritanir, fullgildingar og staðfestingar samnings þessa samkvæmt 18. gr.

b) gildistökudag samnings þessa samkvæmt 19. gr.

c) uppsagnir og yfirlýsingar samkvæmt 20. gr.

d) sérhverja breytingu, sem talin er samþykkt í samræmi við 21. gr. og gildistökudag hennar.

e) yfirlýsingar og tilkynningar sem mótteknar eru samkvæmt 22. gr.

f) yfirlýsingar og tilkynningar samkvæmt 1. og 3. mgr. 23. gr. og gildistökudag fyrirvara eða brottfalls fyrirvara.

25. gr.

Í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna skal skrásetja samning þennan hjá skrifstofu Sameinuðu þjóðanna að beiðni framkvæmdastjóra ráðsins.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar undirritað samning þennan.

Gjört í Brüssel hinn 8. júní 1961 á ensku og frönsku, og eru báðir textarnir jafngildir, í einu eintaki, sem afhent skal framkvæmdastjóra ráðsins til vörzlu og skal hann senda staðfest eftirrit til allra þeirra ríkja, sem nefnd eru í 1. mgr. 18. gr. samnings þessa.

4. No other reservation to the present Convention shall be permitted.

Article 24.

The Secretary General of the Council shall notify all Contracting Parties, the other signatory and acceding States, the Secretary General of the United Nations, and UNESCO of:

a) signatures, ratifications and accessions under Article 18 of the present Convention;

b) the date of entry into force of the present Convention in accordance with Article 19;

c) denunciations and declarations under Article 20;

d) any amendment deemed to have been accepted in accordance with Article 21 and the date of its entry into force;

e) declarations and notifications received in accordance with Article 22;

f) declarations and notifications made in accordance with Article 23, paragraphs 1 and 3, and the date on which reservations or withdrawals of reservations enter into force.

Article 25.

In accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations, the present Convention shall be registered with the Secretariat of the United Nations at the request of the Secretary General of the Council.

In witness whereof the undersigned plenipotentiaries have signed the present Convention.

Done at Brussels this eighth day of June nineteen hundred and sixty-one, in the English and French languages, both texts being equally authentic, in a single orginal which shall be deposited with the Secretary General of the Council who shall transmit certified copies to all the States referred to in Article 18, paragraph 1, of the present Convention.

AUGLÝSING

um aðild Íslands að tollasamningi varðandi innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum.

Hinn 6. desember 1970 var aðalritara Tollasamvinnuráðsins í Brüssel afhent aðildarskjal Íslands varðandi innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum, sem undirritaður var í Brüssel hinn 8. júní 1961. Gildistaka samningsins fyrir Ísland miðast við 6. marz 1971.

Samningurinn ásamt þýðingu á íslenzku er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavik, 6. desember 1970.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

Tollasamningur varðandi innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum.

Inngangsorð.

Ríki þau, sem undirritað hafa samning þennan, sitja fund á vegum Tollasamvinnuráðsins og aðildarríkja Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (GATT) í samráði við Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO),

hafa hliðsjón af tillögum fulltrúa alþjóðaviðskipta og annarra hagsmuna um aukinn tollfrjálsan innflutning um stundarsakir,

eru sannfærð um, að samþykkt almennra reglna um tollfrjálsan innflutning á atvinnutækjum mundi auðvelda alþjóðleg skipti á sérhæfri þekkingu og tækni,

og hafa þau því orðið ásátt um það, sem hér fer á eftir:

CUSTOMS CONVENTION on the temporary importation of professional equipment

Preamble

The States signatory to the present Convention,

Meeting under the auspices of the Customs Co-operation Council and the Contracting Parties to the General Agreement on Tariffs and Trade (GATT), in consultation with the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organisation (UNESCO),

Having regard to proposals made by representatives of international trade and other interests for the extension of temporary duty-free importation procedures,

Convinced that the adoption of general rules on the temporary duty-free importation of professional equipment would facilitate the international exchange of specialised skills and techniques,

Have agreed as follows:

1. kafli.

Skýrgreiningar.

1. gr.

Í samningi þessum:

a) þýðir hugtakið „innflutningstollar" tollar og hverskonar önnur gjöld og skattar, sem greiða ber við eða í sambandi við innflutning, þ. á. m. innlend gjöld og kvaðir, sem greiða ber af innfluttum vörum, en taka ekki til gjalda og álaga, sem að upphæð eru takmörkuð við kostnað af veittri þjónustu og fela ekki í sér óbeina vernd innlendra vara eða álög á innflutning í fjáröflunarskyni;

b) þýðir hugtakið „innflutningur um stundarsakir" innflutningur um stundarsakir, sem ekki er háður innflutningstolli, innflutningsbanni eða hömlum, enda sé um endurútflutning að ræða;

c) þýðir hugtakið „Ráðið" stofnun sú, sem kveðið er á um í samningi um Tollasamvinnuráð, sem gerður var í Brüssel hinn 15. desember 1950;

d) þýðir hugtakið „einstaklingur" bæði einstaklinga og persónur að lögum, nema annað leiði af samhengi.

Chapter I.

Definitions.

Article 1.

For the purposes of the present Convention:

a) the term "import duties" means Customs duties and all other duties and taxes payable on or in connection with importation and shall include all internal taxes and excise duties chargeable on imported goods, but shall not include fees and charges which are limited in amount to the approximate cost of services rendered and do not represent an indirect protection to domestic products or a taxation of imports for fiscal purposes;

b) the term "temporary admission" means temporary importation free of import duties and free of import prohibitions and restrictions, subject to re-exportation;

c) the term "the Council" means the organisation set up by the Convention establishing a Customs Cooperation Council, done at Brussels on 15th December 1950;

d) the term "person" means both natural and legal persons, unless the context otherwise requires.

2. kafli.

Innflutningur um stundarsakir.

2. gr.

Sérhver samningsaðili, sem bundinn er af ákvæðum einhvers fylgiskjals við samning þennan, skal leyfa innflutning um stundarsakir á útbúnaði, sem tiltekinn er í því fylgiskjali, með þeim skilyrðum, sem tiltekin eru í 1.-22. gr. og því fylgiskjali. Hugtakið „útbúnaður" skal talið ná til allra aukatækja og hluta.

3. gr.

Þegar samningsaðili krefst tryggingar fyrir því að skilyrði séu uppfyllt vegna hlunninda í sambandi við innflutning um stundarsakir, skal upphæð slíkrar

Chapter II.

Temporary admission.

Article 2.

Each Contracting Party bound by any Annex to the present Convention shall grant temporary admission to the equipment referred to in that Annex, subject to the conditions specified in Articles 1 to 22 and in that Annex. The term "equipment" shall be taken to include any relevant ancillary apparatus and accessories.

Article 3.

In cases where a Contracting Party requires security for compliance with the conditions attached to temporary admission, the amount of such security shall

tryggingar ekki vera meira en 10% hærri en innflutningstollur slíkrar vöru.

4. gr.

Útbúnaður, sem fluttur er inn um stundarsakir, skal endurútfluttur innan 6 mánaða frá innflutningi hans. Af gildum ástæðum geta tollyfirvöld innan þeirra takmarka, sem lög og reglugerðir þess lands, sem flutt er inn til um stundarsakir, setja, annaðhvort leyft lengra tímabil eða framlengt hið upphaflega tímabil.

5. gr.

Útbúnað, sem fluttur hefur verið inn um stundarsakir, má endurútflytja í einni sendingu eða fleirum til hvaða lands sem er um hverja þá tollstöð, sem getur annast slíka afgreiðslu og skal sá endurútflutningur ekki takmarkaður við tollstöð þá, sem sá um innflutning vörunnar.

6. gr.

1. Þrátt fyrir skilyrðið um endurútflutning, sem samningur þessi gerir ráð fyrir, skal ekki farið fram á endurútflutning útbúnaðar eða hluta hans ef hann hefur orðið fyrir verulegu tjóni við sannanlegt slys, enda skal varan þá:

a) háð innflutningstolli þeim, er við á eða

b) afhent útgjaldalaust til ríkissjóðs þess lands, sem hún var flutt til um stundarsakir eða

c) eyðilögð undir opinberu eftirliti, án útgjalda fyrir ríkissjóð þess lands, sem varan var flutt til um stundarsakir, samkvæmt því sem tollyfirvöld kunna að ákveða.

2. Þegar ekki er hægt að endurútflytja útbúnað að einhverju leyti eða öllu, vegna upptöku opinberra aðila, en ekki einkaaðila, fellur endursendingarskyldan niður á meðan upptaka varir.

7. gr.

Varahlutir, sem fluttir eru inn til að gera við útbúnað, sem fluttur hefur

not exceed the amount of the import duties chargeable by more than 10%.

Article 4.

Equipment granted temporary admission shall be re-exported within six months from the date of importation. For valid reasons the Customs authorities may, within the limits laid down by the laws and regulations of the country of temporary importation, either grant a longer period or extend the initial period.

Article 5.

Equipment granted temporary admission may be re-exported in one or several consignments to any country, through any Customs office open for such operations, and such re-exportation shall not be confined to the Customs office of importation.

Article 6.

1. Notwithstanding the requirement of re-exportation laid down by the present Convention, the re-exportation of all or part of equipment badly damaged in duly authenticated accidents shall not be required, provided that it:

a) is subjected to the import duties to which it is liable; or

b) is abandoned free of all expense to the Exchequer of the country into which it was temporarily imported; or

c) is destroyed, under official supervision, without expense to the Exchequer of the country into which it was temporarily imported;

as the Customs authorities may require.

2. When all or part of equipment granted temporary admission cannot be re-exported as a result of a seizure, other than a seizure made at the suit of private persons, the requirement of re-exportation shall be suspended for the duration of the seizure.

Article 7.

Component parts imported to repair temporarily admitted equipment shall

verið inn um stundarsakir, skulu einnig njóta þeirra hlunninda sem samningur þessi tekur til.

3. kafli.

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Við framkvæmd samnings þessa skal talið, að það fylgiskjal eða þau fylgiskjöl, sem á hverjum tíma eru skuldbindandi fyrir samningsaðila, séu óaðskiljanlegur hluti samningsins og að því er þann samningsaðila varðar skal sérhver tilvitnun í samninginn talin fela í sér tilvitnun til slíks fylgiskjals eða fylgiskjala.

9. gr.

Ákvæði þessa samnings gefa til kynna þá lágmarks fyrirgreiðslu, sem veita skal, en hindra ekki að frekari fyrirgreiðsla sé veitt af einstökum samningsaðilum eða verði veitt í framtíðinni með einhliða ákvörðunum eða vegna tvíhliða og marghliða samninga.

10. gr.

Skoða má lönd þeirra samningsaðila, sem mynda saman tolla- eða efnahagsbandalag, sem eitt landssvæði samkvæmt þessum samningi.

11. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu eigi koma í veg fyrir að beitt sé bönnum eða takmörkunum samkvæmt landslögum eða reglugerðum vegna almenns siðgæðis eða reglu, almenns öryggis, heilbrigðiseftirlits eða hreinlætis eða vegna sjúkdóma dýra eða jurta eða vegna verndunar einkaleyfa, vörumerkja og höfundaréttar.

12. gr.

Sérhvert brot á ákvæðum samnings þessa, skipti á vörum, rangar upplýsingar eða verknaður, sem leiðir til þess að einstaklingur eða vörur njóti á óréttmætan hátt hlunninda þeirra, sem samningur þessi tekur til, getur leitt til refsi-

also be granted the facilities provided for in the present Convention.

Chapter III.

Miscellaneous provisions.

Article 8.

In the application of the present Convention, the Annex or Annexes for the time being in force to which a Contracting Party is bound shall be construed to be an integral part of the Convention, and in relation to that Contracting Party any reference to the Convention shall be deemed to include a reference to such Annex or Annexes.

Article 9.

The provisions of the present Convention set out the minimum facilities to be accorded. They do not prevent the application of greater facilities which certain Contracting Parties grant or may grant in future by unilateral provisions or in virtue of bilateral and multilateral agreements.

Article 10.

For the purposes of the present Convention the territories of Contracting Parties which form a Customs or economic union may be taken to be a single territory.

Article 11.

The provisions of the present Convention shall not preclude the application of prohibitions or restrictions imposed under national laws and regulations on grounds of public morality or order, public security, public hygiene or health, or for veterinary or phytopathological considerations, or relating to the protection of patents, trade marks and copyrights.

Article 12.

Any breach of the provisions of the present Convention, any substitution, false declaration or act having the effect of causing a person or goods improperly to benefit from the facilities provided for in the present Convention, may

ábyrgðar í því landi, þar sem verknaðurinn var framinn, samkvæmt lögum og reglugerðum þess lands og greiðslu hvers konar innflutningstolla sem við eiga.

render the offender liable in the country where the offence was committed to the penalties prescribed by the laws and regulations of that country and to payment of any import duties chargeable.

4. kafli.
Lokaákvæði.

13. gr.

1. Samningsaðilar skulu koma saman til fundar þegar nauðsyn krefur, til að fjalla um reynsluna af þessum samningi, og sér í lagi til viðræðna um aðgerðir, sem tryggja samræmda stefnu við skýringu og framkvæmd þessa samnings.

2. Slíkir fundir skulu boðaðir af framkvæmdastjóra ráðsins, að beiðni einhvers samningsaðila. Ef það mál, sem athuga skal varðar einungis eitt fylgiskjal eða fleiri, sem á þeim tíma er í gildi getur slík ósk þó aðeins komið frá samningsaðila sem bundinn er af slíku fylgiskjali. Fundir skulu haldnir í höfuðstöðvum ráðsins nema samningsaðilar ákveði annað.

3. Samningsaðilar skulu ákveða reglur um fundarsköp þessara funda. Ákvarðanir samningsaðila skulu teknar af minnst ⅔ hluta samningsaðila, sem sækja fund og greiða atkvæði. Þó skulu einungis þeir samningsaðilar, sem bundnir eru af fylgiskjali á þeim tíma hafa rétt til að greiða atkvæði varðandi það fylgiskjal.

4. Samningsaðilar skulu ekki taka ákvörðun í neinu máli nema að minnsta kosti helmingur þeirra sé viðstaddur.

Chapter IV.
Final provisions.

Article 13.

1. The Contracting Parties shall meet together when necessary in order to consider measures to secure uniformity in the interpretation and application of the present Convention.

2. Such meetings shall be convened by the Secretary General of the Council at the request of any Contracting Party; provided that where the matter to be considered concerns only one or more Annexes for the time being in force, such request may be made only by a Contracting Party which is bound in respect of such Annex or Annexes. Unless the Contracting Parties concerned otherwise decide, the meetings shall be held at the Headquarters of the Council.

3. The Contracting Parties shall lay down the rules of procedure for their meetings. Decisions of the Contracting Parties shall be taken by a majority of not less than two-thirds of the Contracting Parties present at the meeting and voting, provided that only those Contracting Parties which are bound by any Annex for the time being in force shall be entitled to vote on matters concerning that Annex.

4. The Contracting Parties concerned shall not take a decision on any matter unless more than half of them are present.

14. gr.

1. Sérhvern ágreining milli samningsaðila varðandi skýringu eða framkvæmd þessa samnings, skal reynt að leysa með samningum ef unnt er.

2. Sérhverjum ágreiningi, sem ekki leysist með samningum, skal vísað af

Article 14.

1. Any dispute between Contracting Parties concerning the interpretation or application of the present Convention shall so far as possible be settled by negotiation between them.

2. Any dispute which is not settled by negotiation shall be referred by the Con-

viðkomandi samningsaðilum til fundar samningsaðila í samræmi við 13. grein þessa samnings, sem skal því næst taka málið til meðferðar og bera fram tillögur til lausnar ágreiningnum.

3. Viðkomandi samningsaðilar geta fyrirfram samþykkt að líta á tillögur samningsaðila sem bindandi fyrir sig.

tracting Parties in dispute to the Contracting Parties, meeting in conformity with Article 13 of the present Convention, which shall thereupon consider the dispute and make recommendations for its settlement.

3. The Contracting Parties in dispute may agree in advance to accept the recommendations of the Contracting Parties as binding.

15. gr.

1. Sérhvert meðlimaríki ráðsins og sérhvert meðlimaríki Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra geta orðið samningsaðili að þessum samningi:

a) með undirritun samningsins án fyrirvara um fullgildingu,
b) með afhendingu fullgildingarskjals eftir að hafa undirritað samninginn með fyrirvara um fullgildingu eða
c) með aðild að samningnum.

2. Þau ríki, sem nefnd eru í 1. málsgrein þessarar greinar skulu eiga rétt á að undirrita þennan samning í höfuðstöðvum ráðsins í Brüssel fram til 31. marz 1962. Eftir þann tíma geta ofangreind ríki orðið aðilar að samningnum.

3. Í því tilviki, sem vikið er að í b lið 1. málsgreinar þá skal fullgilding þessara ríkja, sem undirritað hafa samninginn vera háð stjórnskipunarlögum þeirra.

4. Sérhvert ríki, sem ekki er meðlimur þeirra samtaka, sem nefnd eru í 1. málsgrein þessar greinar og fengið hefur boð framkvæmdastjóra ráðsins samkvæmt beiðni samningsaðila, getur orðið samningsaðili að þessum samningi, með því að gerast aðili eftir að hann gengur í gildi.

5. Sérhvert ríki, sem getið er í 1. og 4. mgr. þessarar greinar, skal við undirritun, fullgildingu eða staðfestingu samnings þessa lýsa yfir við hvaða fylgiskjal eða fylgiskjöl það telur sig bundið. Það getur síðan lýst því yfir, að það sé bundið við eitt eða fleiri fylgiskjöl til við-

Article 15.

1. Any State Member of the Council and any State Member of the United Nations or its specialised agencies may become a Contracting Party to the present Convention:

a) by signing it without reservation of ratification;

b) by depositing an instrument of ratification after signing it subject to ratification; or

c) by acceding to it.

2. The present Convention shall be open until 31st March, 1962, for signature at the Headquarters of the Council in Brussels, by the States referred to in paragraph 1 of this Article. Thereafter, it shall be open for their accession.

3. In the case envisaged in paragraph 1 (b) of this Article, the present Convention shall be subject to ratification by the signatory States in accordance with their constitutional procedures.

4. Any State, not being a Member of the Organisations referred to in paragraph 1 of this Article, to which an invitation to that effect has been addressed by the Secretary General of the Council at the request of the Contracting Parties, may become a Contracting Party to the present Convention by acceding thereto after its entry into force.

5. Each State referred to in paragraph 1 or 4 of this Article shall at the time of signing, ratifying or acceding to the present Convention declare the Annex or Annexes in respect of which it shall be bound. It may subsequently declare itself to be bound in respect of one or more

bótar með því að tilkynna það framkvæmdastjóra ráðsins.

6. Fullgildingar eða aðildarskjöl skulu afhendast framkvæmdastjóra ráðsins.

16. gr.

1. Samningur þessi skal taka gildi að því er varðar sérhvert fylgiskjal hans þrem mánuðum eftir að fimm þeirra ríkja, sem getið er í 1. mgr. 15. gr. hafa undirritað samninginn án fyrirvara um fullgildingu eða hafa afhent fullgildingarskjöl sín eða staðfestingarskjöl og lýst yfir því, að þau telji sig bundin af því fylgiskjali.

2. Að því er varðar ríki, sem fullgildir eða staðfestir samning þennan eftir að fimm ríki hafa undirritað hann án fyrirvara um fullgildingu eða afhent fullgildingarskjöl eða staðfestingarskjöl sín og lýst yfir því, að þau séu bundin af sama fylgiskjali eða fylgiskjölum, tekur samningur þessi gildi, að því er varðar það fylgiskjal eða skjöl þrem mánuðum eftir að téð ríki hefur afhent fullgildingar eða staðfestingarskjal til vörzlu ásamt yfirlýsingu um, að það telji sig bundið af því fylgiskjali eða skjölum.

3. Að því er varðar ríki, sem eftir undirritun samnings þessa án fyrirvara um fullgildingu eða hefur fullgilt hann eða staðfest, lýsir sig bundið af fylgiskjali til viðbótar eftir að fimm ríki hafa lýst sig bundin af því fylgiskjali, skal samningurinn taka gildi að því er til þess fylgiskjals tekur, þrem mánuðum eftir að téð ríki hefur lýst sig þannig bundið.

17. gr.

1. Samningur þessi skal gilda um óákveðinn tíma, en sérhver samningsaðili getur sagt honum upp hvenær sem er eftir gildistöku hans skv. 16. gr. hans.

2. Uppsögnin skal gerð skriflega og afhent framkvæmdastjóra ráðsins til vörzlu.

further Annexes, by notification given to the Secretary General of the Council.

6. The instruments of ratification or accession shall be deposited with the Secretary General of the Council.

Article 16.

1. The present Convention shall enter into force in relation to any Annex thereto three months after five of the States referred to in paragraph 1 of Article 15 thereof have signed the Convention without reservation of ratification or have deposited their instruments of ratification or accession and have declared themselves to be bound in respect of that Annex.

2. For any State ratifying or acceding to the present Convention after five States have signed without reservation or ratification or have deposited their instruments of ratification or accession and have declared themselves to be bound in respect of the same Annex or Annexes, the present Convention shall enter into force, in relation to such Annex or Annexes, three months after the said State has deposited its instrument of ratification or accession together with a declaration that it will be bound in respect of such Annex or Annexes.

3. For any State which after signing the present Convention without reservation of ratification, or having ratified or acceded to it, declares itself to be bound in respect of any further Annex after five States have declared themselves to be bound in respect of that Annex, the present Convention shall enter into force in relation to such Annex three months after the said State has declared itself to be so bound.

Article 17.

1. The present Convention is of unlimited duration but any Contracting Party may denounce it at any time after the date of its entry into force under Article 16 thereof.

2. The denunciation shall be notified by an instrument in writing, deposited with the Secretary General of the Council.

3. Uppsögnin skal taka gildi sex mánuðum eftir að framkvæmdastjóri ráðsins hefur tekið við henni.

4. Ákvæði 2. og 3. mgr. þessarar greinar skulu einnig taka til fylgiskjala samnings þessa og getur þá sérhver samningsaðili hvenær sem er eftir gildistöku þeirra skv. 16. gr. lýst yfir því að hann telji sig ekki bundinn af einu fylgiskjalinu eða fleirum. Samningsaðili, sem segir upp öllum fylgiskjölum, sem hann er bundinn af, skal talinn hafa sagt upp samningnum.

3. The denunciations shall take effect six months after the receipt of the instrument of denunciation by the Secretary General of the Council.

4. The provisions of paragraphs 2 and 3 of this Article shall also apply in respect of the Annexes to the present Convention, any Contracting Party being entitled, at any time after the date of their entry into force under Article 16 thereof, to declare that it is no longer bound in respect of one or more Annexes. Any Contracting Party which denounces all the Annexes in respect of which it was bound shall be deemed to have denounced the Convention.

18. gr.

1. Á fundi í samræmi við 13. grein þessa samnings geta samningsaðilar mælt með breytingum á honum.

2. Framkvæmdastjóri ráðsins skal koma á framfæri texta með þeim breytingum, sem mælt er með, við alla samningsaðila, við öll önnur ríki, sem hafa undirskrifað eða gerzt aðilar að honum, við framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, við Samningsaðila GATT og við UNESCO.

3. Innan sex mánaða frá þeim degi er breytingin sem mælt er með hefur verið komið á framfæri, getur sérhver samningsaðili eða, ef aðeins er um að ræða fylgiskjal sem á þeim tíma er í gildi, hver samningsaðili, sem bundinn er af því fylgiskjali, tilkynnt framkvæmdastjóra ráðsins,

a) að hann leggist gegn breytingunni sem mælt er með,

b) að enda þótt hann ætli að samþykkja breytinguna sem mælt er með þá séu skilyrði fyrir slíku samþykki ekki enn fyrir hendi í hans landi.

4. Ef samningsaðili sendir framkvæmdastjóra ráðsins orðsendingu á þann hátt, sem greint er frá í 3. málsgrein (b) þessarar greinar, leyfist honum, svo framarlega sem hann hefur ekki tilkynnt framkvæmdastjóranum, að hann sam-

Article 18.

1. The Contracting Parties meeting in conformity with Article 13 of the present Convention may recommend amendments thereto.

2. The text of any amendment so recommended shall be communicated by the Secretary General of the Council to all Contracting Parties, to all other signatory or acceding States, to the Secretary General of the United Nations, to the Contracting Parties to GATT, and to UNESCO.

3. Within a period of six months from the date on which the recommended amendment is so communicated, any Contracting Party or, in the case of an amendment concerning only an Annex for the time being in force any Contracting Party bound in respect of that Annex may inform the Secretary General of the Council:

a) that it has an objection to the recommended amendment, or

b) that, although it intends to accept the recommended amendment, the conditions necessary for such acceptance are not yet fulfilled in its country.

4. If a Contracting Party sends the Secretary General of the Council a communication as provided for in paragraph 3 (b) of this Article, it may, so long as it has not notified the Secretary General of its acceptance of the recomm-

þykki breytinguna sem mælt er með, að bera fram mótmæli gegn breytingunni innan níu mánaða eftir að sex mánaða fresturinn rennur út sem vísað er til í 3. málsgrein þessarar greinar.

5. Ef mótmæli eru sett fram gegn breytingunni sem mælt er með, í samræmi við skilyrði 3. og 4. málsgreinar þessarar greinar, skal litið svo á að breytingin hafi ekki hlotið samþykki og öðlist ekki gildi.

6. Ef engin mótmæli hafa verið borin fram gegn breytingunni sem mælt er með, í samræmi við 3. og 4. málsgrein þessarar greinar, skal breytingin skoðast samþykkt frá þeim tíma sem tilgreindur er hér á eftir:

a) þegar sex mánaða fresturinn samkvæmt 3. málsgrein rennur út, ef enginn samningsaðili hefur sent orðsendingu í samræmi við 3. málsgrein (b) þessarar greinar,

b) ef einhver samningsaðili hefur sent orðsendingu í samræmi við 3. málsgrein (b) þessarar greinar, þá frá þeim fyrri af eftirtöldum tveim dögum:

i) þann dag, sem allir samningsaðilar sem sent hafa slíkar orðsendingar, hafa tilkynnt framkvæmdastjóra ráðsins samþykki sitt varðandi breytinguna sem mælt er með, með því skilyrði að ef samþykki allra var tilkynnt áður en sex mánaða fresturinn rann út samkvæmt 3. málsgrein þessarar greinar, þá skal sá dagur talinn vera síðasti dagur sex mánaða frestsins,

ii) þann dag, sem níu mánaða frestinum lýkur samkvæmt 4. málsgrein þessarar greinar.

7. Sérhver breyting, sem skoðast samþykkt, gengur í gildi sex mánuðum eftir það.

8. Framkvæmdastjóri ráðsins skal eins fljótt og unnt er, tilkynna öllum samningsaðilum um sérhver mótmæli gegn breytingunni sem mælt er með, sem borin eru fram í samræmi við a lið 3. málsgreinar og um sérhverja orðsendingu,

ended amendment, submit an objection to that amendment within a period of nine months following the expiry of the six-month period referred to in paragraph 3 of this Article.

5. If an objection to the recommended amendment is stated in accordance with the terms of paragraphs 3 and 4 of this Article, the amendment shall be deemed not to have been accepted and shall be of no effect.

6. If no objection to the recommended amendment in accordance with paragraphs 3 and 4 of this Article has been stated, the amendment shall be deemed to have been accepted as from the date specified below:

a) if no Contracting Party has sent a communication in accordance with paragraph 3 (b) of this Article, on the expiry of the period of six months referred to in paragraph 3;

b) if any Contracting Party has sent a communication in accordance with paragraph 3 (b) of this Article, on the earlier of the following two dates:

i) the date by which all the Contracting Parties which sent such communications have notified the Secretary General of the Council of their acceptance of the recommended amendment, provided that, if all the acceptances were notified before the expiry of the period of six months referred to in paragraph 3 of this Article, that date shall be taken to be the date of expiry of the said six-month period;

ii) the date of expiry of the nine- month period referred to in paragraph 4 of this Article.

7. Any amendment deemed to be accepted shall enter into force six months after the date on which it was deemed to be accepted.

8. The Secretary General of the Council shall, as soon as possible, notify all Contracting Parties of any objection to the recommended amendment made in accordance with paragraph 3 (a), and of any communication received in accord-

sem móttekin er í samræmi við b lið 3. málsgreinar þessarar greinar. Hann skal jafnframt tilkynna öllum samningsaðilum hvort samningsaðili eða aðilar, sem hafa sent slíkar orðsendingar, mótmæla breytingunni, sem mælt er með eða samþykkja hana.

9. Sérhvert ríki, sem fullgildir eða gerist aðili að þessum samningi, telst hafa undirgengizt sérhverja breytingu á samningnum, sem hefur tekið gildi, þegar ríkið afhendir fullgildingar- eða aðildarskjöl sín.

10. Sérhvert ríki, sem eftir að það hefur undirritað samning þennan án fyrirvara um fullgildingu eða hefur fullgilt hann eða staðfest, lýsir sig bundið af fleiri fylgiskjölum til viðbótar, skal talið hafa samþykkt sérhverjar breytingar á þeim, sem tekið hafa gildi þann dag, sem það sendir framkvæmdastjóra ráðsins tilkynningu sína.

ance with paragraph 3 (b), of this Article. He shall subsequently inform all the Contracting Parties whether the Contracting Party or Parties which have sent such a communication raise an objection to the recommended amendment or accept it.

9. Any State ratifying or acceding to the present Convention shall be deemed to have accepted any amendments thereto which have entered into force at the date of deposit of its instrument of ratification or accession.

10. Any State which, after signing the present Convention without reservation of ratification or having ratified or acceded to it, declares itself to be bound in respect of any further Annex shall be deemed to have accepted any amendments thereto which have entered into force at the date of its notification to the Secretary General of the Council.

19. gr.

1. Sérhvert ríki getur, þegar það undirritar þennan samning án fyrirvara um fullgildingu eða þegar það afhendir fullgildingar- eða aðildarskjöl sín eða hvenær sem er eftir þann tíma, lýst því yfir með tilkynningu til framkvæmdastjóra ráðsins, að þessi samningur skuli gilda á öllum eða einhverju þeirra landssvæða þar sem ríkið ber ábyrgð á alþjóðlegum samskiptum. Slík tilkynning fær gildi þremur mánuðum eftir að framkvæmdastjóri ráðsins móttekur tilkynninguna; þó eigi fyrr en samningurinn hefur öðlast gildi fyrir viðkomandi ríki.

2. Sérhvert ríki, sem hefur tilkynnt í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar, að þessi samningur nái einnig til þeirra landsvæða þar sem ríkið ber ábyrgð á alþjóðlegum samskiptum getur tilkynnt framkvæmdastjóra ráðsins í samræmi við 17. grein þessa samnings að samningurinn hafi ekki lengur gildi á viðkomandi landsvæðum.

Article 19.

1. Any State may, at the time of signing the present Convention without reservation of ratification, or of depositing its instrument of ratification or accession or at any time thereafter, declare by notification given to the Secretary General of the Council that the present Convention shall extend to all or any of the territories for whose international relations it is reponsible and the Convention shall extend to the territories named in the notification three months after the date of the receipt thereof by the Secretary General of the Council but not before the Convention has entered into force for the State concerned.

2. Any State which has made a declaration under paragraph 1 of this Article extending the present Convention to any territory for whose international relations it is responsible may notify the Secretary General of the Council, in accordance with the provisions of Article 17 of the present Convention, that the territory in question will no longer apply the Convention.

20. gr.

Ekki er heimilt að gera fyrirvara við samning þennan.

21. gr.

Framkvæmdastjóri ráðsins skal tilkynna öllum samningsaðilum, öðrum ríkjum, sem undirritað hafa samninginn eða staðfest hann, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, samningsaðilum GATT og UNESCO um:

a) undirritanir, fullgildingar, staðfestingar og yfirlýsingar samkvæmt 15. gr. samnings þessa;

b) gildistökudag samnings þessa og sérhvers fylgiskjalanna í samræmi við 16. gr.

c) uppsagnir og yfirlýsingar samkvæmt 17. gr.

d) sérhverja breytingu, sem talin er samþykkt í samræmi við 18. gr. og gildistökudag hennar;

e) yfirlýsingar og tilkynningar, sem mótteknar eru samkvæmt 19. gr.

22. gr.

Í samræmi við 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, skal þessi samningur skrásettur hjá Skrifstofu Sameinuðu þjóðanna að beiðni framkvæmdastjóra ráðsins.

Þessu til staðfestu, hafa stjórnarerindrekar undirritað þennan samning.

Gert í Brüssel hinn 8. júní 1961 á ensku og frönsku, og skulu báðir textar vera jafngildir. Samningurinn er gerður í einu eintaki, sem skal varðveitt hjá framkvæmdastjóra ráðsins og skal hann jafnframt senda staðfest eftirrit til allra þeirra ríkja, sem vísað er til í 1. málsgrein 15. greinar þessa samnings.

Article 20.

No reservation to the present Convention shall be permitted.

Article 21.

The Secretary General of the Council shall notify all Contracting Parties, the other signatory and acceding States, the Secretary General of the United Nations, the Contracting Parties to the GATT and UNESCO of:

a) signatures, ratifications, accessions and declarations under Article 15 of the present Convention;

b) the date of entry into force of the present Convention and of each of the Annexes in accordance with Article 16;

c) denunciations and declarations under Article 17;

d) any amendment deemed to have been accepted in accordance with Article 18 and the date of its entry into force;

e) declarations and notifications received in accordance with Article 19.

Article 22.

In accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations, the present Convention shall be registered with the Secretariat of the United Nations at the request of the Secretary General of the Council.

In witness whereof the undersigned plenipotentiaries have signed the present Convention.

Done at Brussels this eighth day of June nineteen hundred and sixty-one, in the English and French languages, both texts being equally authentic, in a single original which shall be deposited with the Secretary General of the Council who shall transmit certified copies to all the States referred to in Article 15, paragraph 1, of the present Convention.

Fylgiskjal A

Útbúnaður fyrir blaðamenn, útvarp og sjónvarp.

I. Skýrgreining og skilyrði.

1. Skýrgreining.

Í fylgiskjali þessu þýðir hugtakið „útbúnaður fyrir blaðamenn, útvarp og sjónvarp" þann útbúnað, sem nauðsynlegur er fyrir fulltrúa blaða eða útvarps og sjónvarps, sem koma til lands í því skyni að flytja eða skrá efni fyrir tiltekin verkefni.

2. Skilyrði fyrir veitingu tollfrelsis um stundarsakir.

Útbúnaðurinn:

a) skal vera í eign einstaklings, sem heimilisfastur er erlendis eða fyrirtækis, sem stofnsett er erlendis;

b) skal fluttur inn af einstaklingi, sem heimilisfastur er erlendis eða fyrirtæki, sem stofnsett er erlendis;

c) skal vera þannig að hægt sé að þekkja hann aftur við endurútflutning; þegar um er að ræða ónotuð upptökutæki hljóðs eða mynda skal þó stuðst við þær aðferðir til sannprófunar, sem hagkvæmastar eru eftir atvikum.

d) skal notaður eingöngu af hinum erlenda aðila eða undir eftirliti hans;

e) skal eigi ráðstafað með leigusamningi eða svipuðu fyrirkomulagi við einstakling eða fyrirtæki, sem heimilisfastur eða stofnsett er í því landi, sem flutt er inn til um stundarsakir, er aðili að; þetta gildir þó eigi, ef um er að ræða sameiginlega dagskrá fyrir útvarp eða sjónvarp.

Annex A

Equipment for the Press or for Sound or Television Broadcasting.

I. Definition and Conditions.

1. Definition.

For the purposes of the present Annex the term "equipment for the press or for sound or television broadcasting" means equipment necessary for representatives of the press or of broadcasting or television organisations visiting a country for purposes of reporting or in order to transmit or record material for specified programmes.

2. Conditions of grant of temporary admission.

The equipment:

a) shall be owned by a natural person resident abroad or by a legal person established abroad;

b) shall be imported by a natural person resident abroad or by a legal person established abroad;

c) shall be capable of identification on re-exportation; provided that in the case of blank sound or image recording media the most flexible means of identification shall be applied;

d) shall be used solely by or under the personal supervision of the visiting person;

e) shall not be the subject of a hire contract or similar arrangement to which a person resident or established in the country of temporary importation is a party, provided that this condition shall not apply in the case of joint sound or television broadcasting programmes.

II. Listi til leiðbeiningar.

A. Útbúnaður fyrir blaðamenn, svo sem:
Ritvélar;
Ljósmynda- eða kvikmyndavélar;

Tæki til flutnings, upptöku eða dreifingar hljóðs eða mynda;
Bönd og plötur til hljóðritunar og myndatöku.

B. Hljóðvarps útbúnaður, svo sem:

Flutnings- og fjarskiptatæki;

Tæki til hljóðritunar og dreifingar;

Mælitæki og prófunartæki;

Aukatæki ýmiskonar (klukkur, stanzúr, áttavitar, rafalar, straumbreytar, rafgeymar og rafhlöður, tæki til upphitunar og loftræstingar, o. s. frv.);
Bönd og plötur til hljóðritunar.

C. Sjónvarpsútbúnaður, svo sem:
Sjónvarps- mynda- og kvikmyndavélar;
Tæki til prófunar og mælinga;
Tæki til flutnings og endurflutnings;

Fjarskiptatæki;

Tæki til upptöku og dreifingar hljóðs og mynda;

Ljósabúnaður;
Aukatæki ýmiskonar (klukkur, stanzúr, áttavitar, rafalar, straumbreytar, rafgeymar og rafhlöður, tæki til upphitunar og loftræstingar, o.s. frv.);
Bönd og plötur til hljóðritunar;

Sýnishorn úr kvikmyndum;
Hljóðfæri, búningar, leiktjöld og annar sviðsútbúnaður.

D. Ökutæki, sem ætluð eru til eða löguð fyrir ofangreind atriði.

II. Illustrative List.

A. Equipment for the press, such as:
Typewriters;
Photographic or cinematographic cameras;
Sound or image transmitting, recording or reproducing apparatus;
Blank sound or image recording media.

B. Sound broadcasting equipment, such as:
Transmission and communication apparatus;
Sound recording or reproducing apparatus;
Testing and measuring instruments and apparatus;
Operational accessories (clocks, stopwatches, compasses, generating sets, transformers, batteries and accumulators, heating and ventilating apparatus, etc.);
Blank sound recording media.

C. Television broadcasting equipment, such as:
Television cameras;
Telekinema;
Testing and measuring instruments and apparatus;
Transmission and retransmission apparatus;
Communication apparatus;
Sound or image recording or reproducing apparatus;
Lighting equipment;
Operational accessories (clocks, stopwatches, compasses, generating sets, transformers, batteries and accumulators, heating and ventilating apparatus, etc.);
Blank sound or image recording media;
Film "rushes";
Musical instruments, costumes, scenery, and other stage properties.

D. Vehicles designed or specially adapted for the purposes specified above.

Fylgiskjal B

Kvikmynda útbúnaður.

I. Skýrgreining og skilyrði.

1. Skýrgreining.

Í þessu fylgiskjali þýðir hugtakið „kvikmynda útbúnaður" sá útbúnaður, sem nauðsynlegur er fyrir þann, sem kemur til lands til þess að taka tiltekna kvikmynd eða kvikmyndir.

2. Skilyrði fyrir veitingu tollfrelsis um stundarsakir.

Útbúnaðurinn:

a) skal vera í eign einstaklings, sem heimilisfastur er erlendis eða fyrirtækis, sem stofnsett er erlendis;

b) skal fluttur inn af einstaklingi, sem heimilisfastur er erlendis eða fyrirtæki, sem stofnsett er erlendis;

c) skal vera þannig, að hægt sé að þekkja hann aftur við endurútflutning; þegar um er að ræða ónotuð upptökutæki hljóðs eða mynda skal þó stuðst við þær aðferðir til sannprófunar, sem hagkvæmastar eru eftir atvikum;

d) skal notaður eingöngu af hinum erlenda aðila eða undir eftirliti hans; þó skal það skilyrði ekki gilda, ef um er að ræða útbúnað, sem fluttur er inn til kvikmyndatöku samkvæmt samningi um sameiginlega framleiðslu, sem einstaklingur eða fyrirtæki, heimilisfastur eða stofnsett í landi, sem tollfrjálst er flutt inn til um stundarsakir, er aðili og rétt stjórnvöld þess lands hafa samþykkt í samræmi við milliríkjasamning varðandi samvinnu í kvikmyndagerð;

e) skal eigi ráðstafað með leigusamningi eða svipuðu fyrirkomulagi, sem einstaklingur eða fyrirtæki heimilisfastur eða stofnsett í því landi, sem flutt er inn til um stundarsakir, er aðili.

Annex B

Cinematographic Equipment.

I. Definition and Conditions.

1. Definition.

For the purposes of the present Annex, the term "cinematographic equipment" means equipment necessary for a person visiting a country in order to make a specified film or films.

2. Conditions of grant of temporary admission.

The equipment:

a) shall be owned by a natural person resident abroad or by a legal person established abroad;

b) shall be imported by a natural person resident abroad or by a legal person established abroad;

c) shall be capable of identification on re-exportation; provided that in the case of blank image or sound recording media the most flexible means of identification shall be applied;

d) shall be used solely by or under the personal supervision of the visiting person, provided that this condition shall not apply in the case of equipment imported for the production of a film under a co-production contract to which a person resident or established in the country of temporary importation is a party and which is approved by the competent authorities of that country under an inter-governmental agreement concerning cinematographic co-production;

e) shall not be the subject of a hire contract or similar arrangement to which a person resident or established in the country of temporary importation is a party.

II. Listi til leiðbeiningar.

A. Útbúnaður, svo sem:
Myndavélar allskonar;
Mælitæki og prófunartæki;

Myndavélagrindur;
Ljósaútbúnaður;
Tæki til hljóðritunar og dreifingar:

Bönd og plötur til hljóðritunar og myndatöku;
Sýnishorn úr kvikmyndum;
Aukatæki ýmiskonar (klukkur, stanzúr, áttavitar, rafalar, straumbreytar, rafgeymar, rafhlöður, tæki til upphitunar og loftræstingar, o. s. frv.);
Hljóðfæri, búningar, leiktjöld og annar sviðsútbúnaður.

B. Ökutæki, sem ætluð eru til eða löguð fyrir ofangreind atriði.

II. Illustrative List.

A. Equipment, such as:
Cameras of all kinds;
Testing and measuring instruments and apparatus;
Camera "dollies" and booms;
Lighting equipment;
Sound recording or reproducing apparatus;
Blank image or sound recording media;
Film "rushes";
Operational accessories (clocks, stopwatches, compasses, generating sets, transformers, batteries and accumulators, heating and ventilating apparatus, etc.);
Musical instruments, costumes, scenery, and other stage properties.

B. Vehicles designed or specially adapted for the purposes specified above.

Fylgiskjal C
Önnur atvinnutæki

I. Skýrgreining og skilyrði.

1. Skýrgreining.

Í fylgiskjali þessu þýðir hugtakið „önnur atvinnutæki" útbúnaður, sem ekki er getið um í öðrum fylgiskjölum samnings þessa og nauðsynlegur er til þess að rækja atvinnu eða sérgrein þess, sem kemur til lands í því skyni að vinna ákveðið verk. Það tekur ekki til útbúnaðar, sem nota á til flutninga innanlands eða iðnaðarframleiðslu eða pökkunar vara (nema þegar um er að ræða handverkfæri) eða til hagnýtingar auðlinda, til byggingar, viðgerða eða viðhalds bygginga, jarðvegsflutnings eða þess háttar.

Annex C
Other Professional Equipment

I. Definition and Conditions.

1. Definition.

For the purposes of the present Annex the term "other professional equipment" means equipment, of a kind not referred to in the other Annexes to the present Convention, necessary for the exercise of the calling, trade or profession of a person visiting a country to perform a specified task. It does not include equipment which is to be used for internal transport or for the industrial manufacture or packaging of goods or (except in the case of hand-tools) for the exploitation of natural resources, for the construction, repair or maintenance of buildings or for earth moving and like projects.

2. Skilyrði fyrir veitingu tollfrelsis um stundarsakir

Útbúnaðurinn:

a) skal vera í eigu einstaklings, sem heimilisfastur er erlendis eða fyrirtækis, sem stofnsett er erlendis;

b) skal fluttur inn af einstaklingi, sem heimilisfastur er erlendis eða fyrirtæki, sem stofnsett er erlendis;

c) skal vera þannig að hægt sé að þekkja hann aftur við endurútflutning;

d) skal notaður eingöngu af hinum erlenda aðila eða undir eftirliti hans;

2. Conditions of grant of temporary admission.

The equipment:

a) shall be owned by a natural person resident abroad or by a legal person established abroad;

b) shall be imported by a natural person resident abroad or by a legal person established abroad;

c) shall be capable of identification on re-exportation;

d) shall be used solely by or under the personal supervision of the visiting person.

II. Listi til leiðbeiningar.

A. Útbúnaður til notkunar við uppsetningu, prófun, afnot, skoðun, eftirlit eða viðgerðir á vélum, verksmiðjum, flutningatækjum o. s. frv., svo sem:

Verkfæri;

Útbúnaður og tæki til mælinga, eftirlits eða prófunar (lofthiti, þrýstingur, fjarlægðir, hæð, flötur, hraði o. s. frv.) þ. á. m. rafmagnstæki (voltmælar, amperemælar, mælistrengir, samanburðarmælar, straumbreytar, skráningartæki o. s. frv.) og fyrirmyndir;

Tæki og útbúnaður til að taka ljósmyndir af vélum og verksmiðjum meðan á uppsetningu og byggingu stendur og eftir það;

Tæki til tæknilegs eftirlits með skipum.

B. Útbúnaður, sem nauðsynlegur er fyrir verzlunarmenn, rekstursséfræðinga, framleiðnifræðinga, endurskoðendendur og svipaða starfsemi svo sem:

Ritvélar;

Tæki til flutnings, upptöku og dreifingar hljóðs;

Reiknivélar og svipaðar vélar.

II. Illustrative List.

A. Equipment for erection, testing, commissioning, checking, control, maintenance or repair of machinery, plant, means of transport, etc., such as:

Tools;

Measuring, checking or testing equipment and instruments (temperature, pressure, distance, height, surface, speed, etc.) including electrical instruments (voltmeters, ammeters, measuring cables, comparators, transformers, recording instruments, etc.) and jigs;

Apparatus and equipment for taking photographs of machines and plant during or after erection;

Apparatus for survey of ships.

B. Equipment necessary for businessmen, business efficiency consultants, productivity experts, accountants and members of similar professions, such as:

Typewriters;

Sound transmitting, recording or reproducing apparatus;

Calculating instruments and apparatus.

C. Útbúnaður, sem nauðsynlegur er fyrir sérfræðinga, vegna staðlýsinga eða jarðeðlisfræðilegra rannsókna, svo sem:
Mælitæki og verkfæri;
Bortæki;
Tæki til flutnings og fjarskipta.

D. Tæki og útbúnaður, sem nauðsynleg eru fyrir lækna, skurðlækna, dýralækna, ljósmæður, og svipaða starfsemi.

E. Útbúnaður, sem nauðsynlegur er fyrir fornminjafræðinga, fornleifafræðinga, landfræðinga, dýrafræðinga og aðra vísindamenn.

F. Útbúnaður, sem nauðsynlegur er fyrir skemmtikrafta, leikfélög og hljómsveitir, þ. á. m. allir munir, sem notaðir eru fyrir opinberar sýningar eða einkasýningar (hljóðfæri, búningar, sviðsútbúnaður, dýr o. s. frv.).

G. Útbúnaður, sem nauðsynlegur er fyrir fyrirlesara til útskýringa á fyrirlestrum.

H. Ökutæki, sem ætluð eru til eða löguð fyrir ofangreind atriði, svo sem hreyfanleg eftirlitstæki, verkstæði og rannsóknastofur.

C. Equipment necessary for experts undertaking topographic surveys or geophysical prospecting work such as:
Measuring instruments and apparatus;
Drilling equipment;
Transmission and communication equipment.

D. Instruments and apparatus necessary for doctors, surgeons, veterinary surgeons, midwives and members of similar professions.

E. Equipment necessary for archeologists, paleontologists, geographers, zoologists and other scientists.

F. Equipment necessary for entertainers, theatre companies and orchestras, including all articles used for public or private performances (musical instruments, costumes, scenery, animals, etc.).

G. Equipment necessary for lecturers to illustrate their lectures.

H. Vehicles designed or specially adapted for the purposes specified above, such as mobile inspection units, travelling workshops and travelling laboratories.

Nr. 26. 6. desember 1970.

AUGLÝSING

um bókun um breytingu á stofnskrá Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

